# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

303. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 27. DESEMBER 2017


## Viðskiptamaður ársins



**Birgir Bieltvedt** seldi á árinu rekstur Domino's á Íslandi með milljarðahagnaði. Kristín Þorsteinsdóttir, aðalritstjóri 365 miðla, afhenti honum viðurkenningu sem viðskiptamanni ársins 2017. Dómnefnd valdi einnig bestu og verstu viðskiptin. → Markaðurinn

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ferðaþjónustan halar inn 535 milljarða

**Gjaldeyristekjur ferðaþjónustunnar aukast um 15,5 prósent milli ára samkvæmt spá heildarsamtaka hennar. Útgjöld erlendra ferðamanna hér á landi nema um 350 milljörðum króna. Framkvæmdastjóri SAF bendir á að vöxturinn sé minni en í fjölda ferðamanna.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) áætla að gjaldeyristekjur atvinnugreinarinnar muni nema 535 milljörðum króna á þessu ári eða ríflega 40 prósentum af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Um er að ræða 15,5 prósenta aukningu milli ára og útlit fyrir að útgjöld erlendra ferðamanna muni aukast um 60 milljarða og nema um 350 milljörðum króna.

„Þetta er í takt við það sem við höfum gert ráð fyrir og sýnir hvað ferðaþjónustan er orðin mikilvæg þjóðarbúinu. Fyrir eyland eins og Ísland skipta utanríkisviðskipti öllu máli og ánægjulegt að það sé búið núna á nokkrum árum að fjölga eggjunum í körfunni svo um munar,“ segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF.

Samkvæmt tölum sem SAF hafa tekið saman er um 72 milljarða króna aukningu í gjaldeyristekjum að ræða milli ára. Heildartalan inniheldur útgjöld ferðamanna innanlands og tekjur af fargjöldum til og frá landinu en einnig af öðrum ferðum íslenskra flugfélaga. Helga bendir að auki á að á þriðja fjórðungi þessa árs hafi 54 prósent útflutningstekna komið frá ferðaþjónustunni.

„Þessi rúmlega 15 prósenta aukning í gjaldeyristekjum er minni vöxtur en í fjölda ferðamanna milli ára. Út af erfiðum ytri skilyrðum og versnandi samkeppnishæfni, meðal annars vegna sterks gengis krónunnar, mikilla launahækkana og fjárfestingar greinarinnar sem nam tæpum 200 milljörðum árin 2015 til 2016, þá höfum við séð breytingu á neyslumynstri ferðamannsins. Bæði að hann dvelur skemur og er ekki að nýta sér þjónustu í jafn miklum mæli og áður. Fyrirtækin finna fyrir þessu og það er ekki línulegt samband milli fjölgunar ferðamanna og afkomu í greininni,“ segir Helga.

„Hröðum vexti eins og við erum búin að upplifa síðustu misseri fylgja auðvitað áskoranir en á sama tíma mikil tækifæri. Það er undir okkur öllum komið, stjórnvöldum, greininni sjálfri og landsmönnum að vel takist til.“ **– hg**

## Pelsaæði gripið íslenska karlmenn

**LÍFIÐ** Hafdís Þorleifsdóttir, Dísa í Gyllta kettinum, hefur fengið fleiri karlmenn inn í fataverslun sína á síðustu þremur mánuðum en árin tólf þar á undan. Ástæðan er hið sannkallaða pelsaæði sem rakið er til gríns starfsmanna Pablo Discobar.

„Það eru bara flottir karlmenn og skemmtilegar týpur sem ganga í pelsum,“ segir Gunnsteinn Helgi, einn eigenda Pablo Discobar og Burro en staðurinn er nú í samstarfi við Gyllta köttinn um að koma pelsum í tísku hjá íslenskum karlmönnum. Dísa segir að þessi tíska komi frá New York.



**– bb /** **sjá síðu 32**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Lagaleg skylda að bregðast við kynferðislegri áreitni skrifar Jóhann Fr. Friðriksson. 16

**SPORT** Harry Kane skoraði þrennu í síðustu tveimur leikjum Tottenham á árinu. 22

**TÍMAMÓT** Tvær þáttaraðir voru gerðar af Ástríði og voru tilnefndar til níu Edduverðlauna. 24

**LÍFIÐ** Joey Christ heldur reif á Sónar í mars. 34

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● FLUGELDAR**




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Fremur hæg norðlæg átt og él fyrir norðan og austan í dag, en annars bjartviðri. Kalt í veðri. SJÁ SÍÐU 26

# HÍ skoðar aukna rafbílavæðingu

**SAMGÖNGUR** Háskóli Íslands (HÍ) mun meta reynslu og nýtingu af rafmagnsbílum sem keyptir voru í gegnum örútboð Ríkiskaupa á dögunum, með það fyrir augum hvort tilefni sé til aukinnar rafbílavæðingar skólans.

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að fimm ríkisstofnanir hefðu fjárfest í sjö rafbílum í gegnum útboðið fyrir alls 25 milljónir króna.

Þrír þessara bíla voru keyptir af HÍ og segir Jón Atli Benediktsson rektor að kaupin megi rekja til HÍ21, stefnu Háskóla Íslands 2016-2021, þar sem meðal annars eru sett fram markmið um umhverfisvænt starfsumhverfi. Ein af aðgerðunum sem tiltekin er fjallar um að samgöngur og öryggi starfsfólks og nemenda á háskólasvæðinu verði bætt, svo sem með skutlu, starfsmannabílum, gönguleiðum, og fleiru.


Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ.

„Keyptir voru þrír rafmagnsbílar. Einn bíll verður staðsettur í Neshaga hjá upplýsingatæknisviði HÍ sem þjónustar öll svið HÍ sem dreifð eru víða um bæinn. Einn verður í Aðalbyggingu HÍ og einn við Menntavísindasvið í Stakkahlíð.“

Jón Atli segir að í innkaupaferli sé einnig rafmagnssendibifreið fyrir rekstur fasteigna.

„Bílarnir eru fyrir starfsmenn HÍ til að fara á milli staða þegar þeir sinna vinnutengdum verkefnum. Verði reynslan góð og nýting bílanna mikil mun HÍ meta næsta haust hvort bætt verði við fleiri rafbílum.“ **– smj**

**Fimm ríkisstofnanir keyptu á dögunum sjö rafbíla fyrir alls 25 milljónir.**

# Sveittust kjöti og konfekti í Laugum



Reykvíkingar og nærsveitarmenn fjölmenntu í World Class í Laugum í gær til að brenna hitaeiningum jólanna. Þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði seinni partinn í gær var hlaupið á nánast öllum brettum og púlað á stigvélum og mikil stemning. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

# Konan sem leitað var á Vestfjörðum fannst látin í gær

**LÖGREGLUMÁL** Konan, sem björgunarsveitarfólk og lögregla leituðu að á norðanverðum Vestfjörðum í gær, fannst látin skömmu fyrir hádegi. Leitarfólk var kallað út upp úr klukkan tíu til að leita að fullorðinni konu sem virtist hafa farið fótgangandi af dvalarstað sínum í Bolungarvík um nóttina.

Björgunarsveitarfólk fann konuna látna við höfnina í Bolungarvík.

Að því er kemur fram í tilkynningu frá lögreglu er ekki talið að andlát konunnar hafi borið að með saknæmum hætti.

Þá var ekki hægt að greina frá nafni konunnar en lögregla sagði að fjölskyldu og nánustu ættmennum hefði verið tilkynnt um andlátið. **– þea**

# Skemmta fólki með myrkum jólakortum

**Fjölskylda hjónanna Jónasar Breka Magnússonar og Gúrýjar Finnbogadóttur brá sér í gervi trúðsins ógurlega úr hryllingsmyndinni IT fyrir jólakortið í ár. Kortin þeirra eru í drungalegri kantinum þótt léttleikinn sé allsráðandi.**

**SAMFÉLAG** Hjónin Jónas Breki Magnússon gullsmiður og Gúrý Finnbogadóttir, fata- og skartgripahönnuður, eru hrifin af drungalegri hliðum tilverunnar eins og myndin á jólakorti þeirra í ár ber með sér.

„Þetta er þriðja árið sem við látum taka mynd af okkur með jólasveininum í Tívolíinu. Í fyrra vorum við með hauskúpur málaðar framan í okkur og núna ákváðum við að vera trúðurinn Pennywise úr IT,“ segir Gúrý.

Þau Gúrý og Jónas hafa búið í Danmörku um langt árabil. Á vinnustofu sinni hafa þau meðal annars unnið að skartgripalínum sínum Breki og Zero6. Breki er þekktur fyrir hauskúpuhringa sína sem eru áhugamál allrar fjölskyldunnar.

„Við vorum að horfa á myndina um daginn og fannst hann upplagður. Við erum með vinnustofuna á HøjBro Plads við hliðina á Strikinu og þangað fórum við til þess að mála okkur. Síðan gengum við gegnum allt Strikið í jólaösinni til þess að ná okkur í rauðar blöðrur, sem eru alveg ómissandi.“

Þau vöktu að vonum mikla athygli. Sumum var nokkuð brugðið og Gúrý segir að eitthvað hafi verið um skelkuð börn. Tívolígestir voru ekki síður hissa og einhverjir bentu þeim á að Hrekkjavakan væri löngu liðin.

„Jólasveininn var sá sami og í fyrra og hann þekkti okkur aftur og tók Halloween-fjölskyldunni fagnandi. Krakkarnir eru með okkur í þessu af lífi og sál og skólasystkin Ísabellu, dóttur okkar, öfunda hana af því hversu fjölskyldan er öðruvísi. Ég held það sé alveg óhætt að segja að við séum ekki hefðbundin fjölskylda,“ segir Gúrý og bætir við að Addams-fjölskyldan sé í miklu uppáhaldi hjá þeim.


Jónas Breki og Gúrý í gervi hryllingstrúðsins Pennywise ásamt börnunum, Ísabellu og Breka yngri, sem eins og foreldrarnir taka jólagríninu mjög hátíðlega.

> **Ég held það sé alveg óhætt að segja að við séum ekki hefðbundin fjölskylda.**
>
> Gúrý Finnbogadóttir

Gúrý segir vini og vandamenn vera farna að reikna með einhverju gráu gríni í jólakortum fjölskyldunnar, ef ekki beinlínis farna að ætlast til þess. Þetta er því orðin jólahefð og hverju sem þau taka upp á að ári segir hún öruggt að útlitið á þeim verði skuggalegt.

Börnin hafa erft hauskúpuáhugann frá foreldrunum. Ísabella byrjaði að hanna hringa með pabba sínum fyrir nokkrum árum og hefur þegar gert tvær línur. „Hún er með annan fótinn í þessu og Breki litli er að gera enn að æfa þolinmæðina sem þarf í þetta enda er hann bara sex ára.“

**thorarinn@frettabladid.is**



BETRI NOTAÐIR BÍLAR

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

BOOM

# B.O.B.A. áramótabomba

Valdir betri notaðir bílar á sérstöku bombuverði
og risa flugeldaterta fylgir með í skottinu




BNB



Toyota Land Cruiser 150 GX 33“
Dísel, sjálfsk.
Á götuna 9/15 ekinn 92.000 km
Verð: 7.300.000.- Rn. 991608
BOMBA: 6.670.000,-

BNB



Toyota RAV4 VX
Bensín, sjálsk.
Á götuna 12/15 ekinn 40.000 km
Verð 4.990.000.- Rn. 991180
BOMBA: 4.290.000,-

BNB



Toyota Corolla Live
Dísel, beinsk.
Á götuna 1/16 ekinn 36.000 km
Verð 2.750.000.- Rn. 991404
BOMBA: 2.250.000,-

BNB



Toyota Auris Live
Bensín, beinsk.
Á götuna 5/13 ekinn 67.000 km
Verð 1.970.000.- Rn. 991280
BOMBA: 1.470.000,-

BNB



Toyota Yaris Active
Bensín, beinsk.
Á götuna 4/17 ekinn 33.000 km
Verð 2.090.000.- Rn. 991586
BOMBA: 1.920.000,-

BNB



Toyota Auris Active
Bensín, beinsk.
Á götuna 5/17 ekinn 28.000 km
Verð: 2.950.000.- Rn. 991555
BOMBA: 2.480.000,-

BNB



Toyota Corolla Active
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 5/17 ekinn 27.000 km
Verð: 3.470.000.- Rn. 991476
BOMBA: 2.990.000,-

BNB



Toyota Proace GX langur
Dísel, beinsk.
Á götuna 1/14 ekinn 57.000 km
Verð: 2.990.000.- Rn. 991247
BOMBA: 2.160.000,-

## ÁRAMÓTABOMBA BETRI NOTAÐRA BÍLA

Valdir betri notaðir bílar á sérstöku bombuverði og risa flugeldaterta frá björgunarsveitunum fylgir með nú á milli jóla og nýárs.

Opnum klukkan 10.00 í dag miðvikudaginn 27. desember.

Fimmtudaginn 28. desember opið 07.45 - 18.00
Föstudaginn 29. desember opið 07.45 - 18.00
Laugardaginn 30. desember LOKAÐ




Víg Sighvats Sturlusonar
292 skot
137 sek.

ergo

VERIÐ VELKOMIN Í KAUPTÚN
VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI YKKUR

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070
www.toyotakauptuni.is

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

**BNB**
**Betri notaðir bílar**

**UB**
**Umboðssölu-bílar**

# Biðin eftir hjúkrunarrými stóreykst

**HEILBRIGÐISMÁL** Bæði biðlistar og bið eftir hjúkrunarrými hafa lengst frá árinu 2014. Þetta kemur fram í nýjum Talnabrunni Landlæknis. Í nóvember síðastliðnum biðu 8,9 einstaklingar á hverja 1.000 íbúa, en í janúar 2014 voru þeir 5,8.

Ýmsar ástæður eru fyrir þessari þróun. Fyrst má nefna að íslenska þjóðin er að eldast. Þá hefur aðbúnaður á hjúkrunarheimilum víða verið bættur, fjölbýlum meðal annars verið breytt í tvíbýli eða einbýli og við það hefur hjúkrunarrýmum fækkað.

Tekið er fram í riti Landlæknis að hér á landi eru hlutfallslega fleiri hjúkrunarrými en á öðrum Norðurlöndum, en þar er víða öflugri heimahjúkrun og heimaþjónusta sem getur gert einstaklingum kleift að búa lengur heima en ella.

„Æskilegt væri að efla slíka þjónustu hérlendis en einnig þarf að byggja fleiri hjúkrunarheimili til að geta boðið hjúkrunarrými fyrir þá sem geta ekki búið heima þrátt fyrir öfluga heimahjúkrun og heimaþjónustu,“ segir í Talnabrunni Landlæknis. – **jhh**



**Embætti landlæknis telur æskilegt að efla heimaþjónustuna og fjölga hjúkrunarrýmum en íslenska þjóðin er að eldast.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Íbúum Reykjanesbæjar hefur fjölgað á síðustu árum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Telja stjórnvöld ekki horfa til fólksfjölgunar

**FJÁRLÖG** Öll sveitarfélögin á Suðurnesjum, auk Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, hafa sent nefndasviði Alþingis samhljóða athugasemdir vegna fjárlagafrumvarps ársins 2018. Þar segir að ekki hafi í áætlanagerð ríkisins verið tekið tillit til óvenju mikillar fólksfjölgunar á Suðurnesjum.

Fjárlaganefnd þurfi því að skoða sérstaklega fjárframlög ríkisins til stofnana og verkefna á svæðinu, til að íbúar búi við sömu þjónustu og íbúar annarra svæða landsins. Endurskoða þurfi forsendur fjárframlaga. – **bg**

## Björguðu 255 úr Miðjarðarhafi

**ÍTALÍA** Óháðu félagasamtökin Proactiva Open Arms römbuðu á flóttamenn sem höfðu farið fyrir borð í Miðjarðarhafi, skammt norður af Líbýu, í fyrrinótt. Samtökin tóku 134 upp í bát sinn og björguðu áður en herskipið Sophia tók upp 121 til viðbótar. Frá þessu greindi ítalska landhelgisgæslan í gær.

Komum flóttamanna til Ítalíu hefur fækkað um 60 prósent frá því í fyrra eftir að líbýsk stjórnvöld hófu aðgerðir gegn flóttamannasmyglurum. – **þea**

**LEIÐRÉTTING**

*Albertína Friðbjörg Elíasdóttir er bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Kópavogi en ekki Miðflokksins, líkt og sagði í jólablaði Fréttablaðsins.*

# Norskur verktaki vill byggja risahótel á Húsavíkurhöfða

**Tveggja til þriggja milljarða króna hótel gæti risið á Húsavík eftir þrjú til fjögur ár, nái hugmyndir norska byggingarfyrirtækisins Fakta Bygg fram að ganga. Fyrirtækið hefur fengið vilyrði fyrir lóð við Húsavíkurvita þar sem einnig er verið að byggja sjóböð. Hönnunarvinna hefst á nýju ári og leitað er að fjárfestum.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Norskt byggingafyrirtæki undirbýr byggingu 180 til 200 herbergja hótels á Húsavík. Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti fyrir jól að taka frá lóð fyrir hótelið á meðan fyrirtækið þróar hugmyndir sínar að uppbyggingu. Hótelið myndi tvöfalda fjölda gistirýma í bænum og væri því risastórt á mælikvarða sveitarfélagsins.

Örlygur Hnefill Örlygsson, forseti sveitarstjórnar, segir að fyrirtækið Sjóböð ehf., sem vinnur að uppbyggingu sjóbaða við Húsavíkurvita, á næstu lóð við fyrirhugað hótel, hafi átt forgang að lóðinni um hríð en að sá frestur hafi runnið út. Tvö erindi hafi í kjölfarið borist sveitarstjórn vegna lóðarinnar; annað frá Sjóböðum um framlengingu á forgangi en hin frá Fakta Bygg, norska fyrirtækinu.

Að sögn Örlygs var Sjóböðunum og Fakta Bygg boðið til fundar þar sem hugmyndir þeirra voru viðraðar og ræddar. Í ljós hafi komið að hugmyndir Norðmannanna hafi verið lengra á veg komnar og að vonir þeirra um að laga starfsemina að rekstri Sjóbaðanna hafi fallið vel í kramið hjá fulltrúum sveitarfélagsins.

Húsvíkingurinn Kristján Eymundsson, sem býr í Noregi og er framkvæmdastjóri Fakta Bygg, segir að um tveggja til þriggja milljarða króna framkvæmd geti orðið að ræða, fáist fjárfestar að verkefninu. Hann tekur fram að verkið sé á byrjunarstigi. Fyrirtækið hafi sett sér áætlun um framgang verkefnisins til vorsins 2019 en að hönnunarvinna hefjist eftir áramótin.

Kristján segir að fyrirtækið, sem hefur um 50 manns í vinnu og veltir um hálfum öðrum milljarði árlega, eigi eftir að gera markaðsgreiningar og finna heppilega rekstraraðila hótelsins. Aðspurður segir hann, að ef allt gangi eftir sé raunhæft að framkvæmdir hefjist 2019 og að hótelið verði tekið í notkun árið 2021.



**Hótelið sem Fakta Bygg vill klára árið 2021 mun verða við Húsavíkurvita, skammt frá sjóböðunum eða nyrst í bænum.**



**Örlygur Hnefill Örlygsson, forseti sveitarstjórnar Norðurþings.**

Framkvæmdastjórinn vill sjá breytingar í ferðamálum á Íslandi, sem stuðli að því að dreifa ferðamönnum betur um landið. „Það er stórt atriði fyrir Íslendinga yfirhöfuð. Þetta svæði þarna fyrir norðan hefur mikla möguleika á að taka við fleiri ferðamönnum.“ Hann segir að nýting þeirra hótelherbergja sem fyrir eru á svæðinu sé 80 til 90 prósent yfir háannatímann en fari niður í 16 til 17 prósent í desember og janúar. Á því þurfi að finna lausnir.

Í því samhengi nefnir Kristján hugmyndir um að byggja hótelið upp þannig að það falli vel til ráðstefnuhalds. Það verði því bæði túrista- og ráðstefnuhótel. Markmiðið sé þá að laða til sín erlendar ráðstefnur til að bæta nýtinguna yfir dimmustu mánuðina. Hann bendir á að Fosshótel sé búið 110 herbergjum og saman geti Húsvíkingar því boðið upp á ríflega 300 hótelherbergi. Bærinn gæti því tekið á móti nokkuð stórum ráðstefnum. Þess má geta að auk þess eru nokkur smærri gistiheimili í bænum. „Við erum mjög bjartsýnir eins og er og við höfum fengið jákvæð viðbrögð,“ segir Kristján.

**baldurg@frettabladid.is**


RAM 1500 OG 3500 KOMNIR
TRYGGÐU ÞÉR ÞITT EINTAK!

1500 MEÐ 3.0 LÍTRA 240 HÖ.
ECODIESEL VÉL
VERÐ FRÁ KR. 9.990.000

2018

3500 MEÐ 6.7 LÍTRA CUMMINS
DIESEL 385 HÖ.
VERÐ FRÁ KR. 6.120.968 ÁN VSK
KR. 7.590.000 MEÐ VSK



RAM

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16





**Metár og dýrindiskaffi hjá Brimborg.** Við hjá Brimborg erum afskaplega þakklát og stolt af góðu gengi fyrirtækisins en starfsmenn félagsins hafa náð einstökum árangri á árinu sem er að líða með meira en 3.500 skráða bíla á árinu. Af þessu tilefni bjóðum við þér í gæðakaffi frá Kaffitári á tveimur stöðum, Bíldshöfða 6 (Ford og Volvo) og Bíldshöfða 8 (Mazda, Citroën og Peugeot) dagana 27.–29. desember. Kaffihúsið er opið frá kl. 10-17. Við þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða og við óskum þér og þínum farsældar á nýju ári.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

VOLVO Ford mazda CITROËN PEUGEOT

# Hefja flugeldasölu á 130 stöðum á morgun

**VERSLUN** Flugeldasala björgunarsveitanna hefst á morgun, 28. desember. Jón Ingi Sigvaldason hjá Landsbjörg segir að flugeldar verði seldir á um 130 sölustöðum um land allt og að á sjöunda þúsund sjálfboðaliðar björgunarsveitanna komi að sölunni.

Jón Ingi segir að undirbúninginn hafi gengið vel. Flugeldarnir hafi verið sendir af stað út á land áður en veðrið versnaði, en björgunarsveitirnar hafa víða staðið í ströngu undanfarna daga, ýmist við leit að fólki eða björgun á fjallvegum. Hann býst þó við því að menn verði að allt þar til sölustaðirnir verða opnaðir. „Þetta klárast yfirleitt rétt áður en það er opnað.“

Reynslan segir Jóni Inga að búast megi við því að margir geri innkaupin sín snemma. Hann segir að þegar áramótin hitti á helgi kaupi þeir snemma sem fari af bæ, til dæmis í sumarbústaði.

Veðurspáin lítur vel út að mati Jóns Inga. Hann segir að þó snjór geti auðveldað fólki að skjóta upp geti hann líka verið til trafala. Þannig eigi flugeldar, sem teknir eru út úr upphituðum bílskúr, það til að frjósa fastir þegar þeim er stungið í skafl. Mikilvægt sé að hreyfa þá svolítið til rétt áður en þeir eru tendraðir, til að fyrirbyggja slys.

Þá skorar Jón Ingi á fólk að taka höndum saman við að hreinsa nærumhverfi sitt þegar skotveislunni er lokið, til dæmis að morgni nýársdags. „Fólk ber ábyrgð á sínu dóti og það er best að koma með ruslið á hverfisstöðvar Sorpu eða koma því fyrir í gámum. Við erum í þessu saman og það þarf að taka til eftir sig,“ segir Jón Ingi. **– bg**



**Á sjöunda þúsund sjálfboðaliða koma að flugeldasölu björgunarsveitanna.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Reisa knatthús fyrir um 250 milljónir króna

**ÁRBORG** Sveitarfélagið Árborg hefur undirritað viljayfirlýsingu við knattspyrnudeild Ungmennafélags Selfoss um byggingu knatthúss sem byrjað verður á á næsta ári og tekið í notkun 2019. Kostnaður er 250 milljónir króna.

„Þetta er æfingahús, hálfur fótboltavöllur með gervigrasi og aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir meðfram vellinum. Húsið mun nýtast knattspyrnudeildinni til æfinga, svo og frjálsíþróttadeildinni og losa um pláss í íþróttahúsum, en þar er mjög ásetið í dag, við munum þá líka hætta að keyra krakka út í Hveragerði á æfingar,“ segir Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins. **– mhh**



**Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Árborgar.**

## Kvartað yfir reglum H&M

**VERSLUN** Fylgihlutum, sem keyptir eru í verslunum H&M á Íslandi, er ekki hægt að skila. Neytendasamtökunum hafa borist kvartanir og ábendingar vegna þessa.

Brynhildi Pétursdóttur formanni finnst undarlegt að verslunin fylgi ekki leiðbeinandi reglum hér á landi. „Þegar verslanir eru með reglur sem eru á skjön við það sem almennt gerist ættu þær að minnsta kosti að auglýsa þær mjög vel,“ segir hún og bætir við að þannig viti viðskiptavinir að hverju þeir gangi. **– ebg**

# Fleiri þolendur ofbeldis leitað til Bjarkarhlíðar en búist var við

**Um 300 þolendur ofbeldis hafa leitað til Bjarkarhlíðar við Bústaðaveg síðan miðstöðin var opnuð í mars. Mikið sótt í nóvember en síðasta vikan fyrir jól var róleg. „Tilfinningin er sú að andlegt ofbeldi sé algengast.“**

**SAMFÉLAG** „Við höfum núna fengið hingað inn um 300 mál sem er töluvert meira en búist var við og þetta er búið að vera gríðarlega vel sótt,“ segir Ragna Björg Guðbrandsdóttir, verkefnastjóri Bjarkarhlíðar, miðstöðvar fyrir þolendur hvers kyns ofbeldis sem opnuð var við Bústaðaveg í byrjun mars síðastliðnum.

Ragna bendir á að þar með hafi að meðaltali einn einstaklingur heimsótt ráðgjafa Bjarkarhlíðar á dag. Þeir hafi leitað til miðstöðvarinnar með hin ýmsu mál sem þó öll tengjast ofbeldi á einn eða annan hátt. Langstærstur hluti skjólstæðinganna er íslenskar konur en á bilinu 10 til 20 prósent af erlendum uppruna.

„Í nóvember var gríðarlega mikið að gera en desember var aðeins rólegri eða allavega síðasta vikan fyrir jól. Þetta er búinn að vera erfiður tími hjá fólki í kringum umræðuna í þjóðfélaginu sem hefur haft áhrif. Fólk sem hefur ætlað að fara á hnefanum hefur frekar látið undan og treyst sér til að sækja sér aðstoðar,“ segir Ragna Björg og vísar til #metoo-byltingarinnar þar sem konur hafa stigið fram og greint frá kynferðislegri áreitni, valdbeitingu og ofbeldi.

„Tilfinningin er sú að andlegt ofbeldi sé algengast eða að fólk sé að stíga út úr ofbeldissamböndum þar sem andlegt ofbeldi hefur verið stærsti þátturinn. Yfir helmingur málanna eru heimilisofbeldismál eða ofbeldi í nánum samböndum og þar sem konur eru að undirbúa sig og kanna rétt sinn hjá lögfræðingum og tryggja öryggi þegar þær eru að slíta samböndum. Svo er einnig talsvert af ungu fólki sem hefur lent í ofbeldi í sínum fyrstu ástarsamböndum,“ segir Ragna Björg.



**Þær Hafdís Inga Hinriksdóttir og Ragna Björg Guðbrandsdóttir hafa tekið á móti fólki í Bjarkarhlíð.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta er því búið að vera vel sótt og þá sérstaklega miðað við að við höfum ekki ráðist í mikla kynningu á starfinu. Það var skrifað undir viljayfirlýsingu um stofnun Bjarkarhlíðar í október í fyrra og tilfinningin var sú að þetta kæmi sér vel fyrir þolendur ofbeldis. Það sem lögreglan finnur sérstaklega fyrir er að þarna er komið eitt úrræði til viðbótar og meiri heildarsýn og viðbót við þetta nýja verklag hennar. Það voru ráðnir tveir starfsmenn og svo bættist einn frá lögreglunni við. Svo er grasrótin með ígildi eins starfsmanns og þannig höfum við náð að láta þetta mæta þörfinni,“ segir Ragna. Miðstöðin er meðal annars rekin í samstarfi við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborg, Drekaslóð, Stígamót, Kvennaathvarfið, Mannréttindaskrifstofu Íslands og velferðar- og dómsmálaráðuneytið.

**haraldur@frettabladid.is**




Áramóta
bomba
25% afsláttur
af öllum snyrtivörum
27. desember - 1. janúar.
Meira úrval í Smáralind og Kringlu.
24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni
HAGKAUP
Meira svona alla daga

## Brexit fordæmi fyrir Tyrki

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Hagstætt útgöngusamkomulag Breta og Evrópusambandsins (ESB) gæti sett gott fordæmi fyrir framtíðarsamskipti þess við Tyrki og Úkraínumenn sem og önnur ríki sem ekki eiga aðild að sambandinu. Þetta sagði Sigmar Gabriel, utanríkisráðherra Þýskalands, í viðtali við þýska miðilinn Funke í gær.

Tyrkir hafa lengi sóst eftir aðild að ESB og þá hefur einnig verið rætt um mögulega aðild Úkraínu. Aðild hvorugs ríkisins er þó líkleg í fyrirsjáanlegri framtíð að mati Gabriels. Þess vegna ætti að huga að annars konar nánu samstarfi.

Enn standa yfir útgönguviðræður við Breta. Fyrsta kafla viðræðna, um aðskilnaðinn sjálfan, er nærri lokið og næsti kafli, um framtíðarsamband, hefst á næstu vikum. „Ef við komumst að góðu samkomulagi við Bretland sem skýrir línurnar um framtíðarsamskipti gæti verið hægt að heimfæra það samband á önnur ríki,“ sagði utanríkisráðherrann.

Gabriel sagðist til að mynda sjá fyrir sér nánara tollasamstarf við Tyrki. Þó að því gefnu að Recep Tayyip Erdogan forseti léti af meintum mannréttindabrotum.

Ekkert hefur gerst í aðildarviðræðum Tyrkja frá árinu 2005. Hins vegar hefur ESB unnið með Úkraínumönnum, meðal annars á sviði fríverslunar. – þea



Sigmar Gabriel, utanríkisráðherra Þýskalands.

# Spá mikilli fjölgun hælisleitenda í Evrópu með hækkandi hita

*Útlit er fyrir að fjöldi hælisleitenda í Evrópu þrefaldist fyrir árið 2100 verði ekkert aðhafst í loftslagsmálum. Ný rannsókn frá Columbia-háskóla sýnir fram á þetta. Áður verið sýnt fram á tengsl þurrkatíðar við ofbeldi.*



Loftslagsbreytingar eru taldar hafa áhrif á fjölda hælisleitenda. Nígerskir hælisleitendur á leið til Evrópu. NORDICPHOTOS/AFP

**LOFTSLAGSMÁL** Haldi hnattræn losun gróðurhúsalofttegunda áfram með óbreyttum hætti næstu áratugina er von á að fjöldi hælisleitenda í Evrópu þrefaldist fyrir árið 2100. Þannig er áætlað að hælisleitendum fjölgi um 660 þúsund á ári.

Þetta eru meginniðurstöður nýrrar rannsóknar frá Columbia-háskóla sem birtar voru í vísindaritinu Science á dögunum. Rannsóknarhöfundarnir könnuðu hvernig óvæntar veðurfarsbreytingar köstuðust á við hælisumsóknir í Evrópusambandinu á árunum 2000 til 2014. Meðalfjöldi hælisleitenda á tímabilinu var 351 þúsund á ári.

Höfundarnir leggja áherslu á tvær sviðsmyndir í baráttu alþjóðasamfélagsins við losun gróðurhúsalofttegunda. Báðar byggjast þær á losunarlíkönum vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Annars vegar er um að ræða líkan sem gerir ráð fyrir tiltölulega öflugum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda en í þeirri sviðsmynd fjölgar hælisleitendum í ESB um 28 prósent fyrir árið 2100, eða um 98 þúsund manns á ári. Hins vegar er það sviðsmynd sem byggist á óbreyttri stöðu í losun gróðurhúsalofttegunda, þar sem hælisleitendum fjölgar um 188 prósent, eða um 660 þúsund á ári.

Á þessu fimmtán ára tímabili bárust hælisumsóknir frá 103 mismunandi löndum. Þegar rannsóknarhöfundarnir könnuðu frávik í hitastigi á landbúnaðarsvæðum þeirra kom í ljós að því meira sem hiti fór yfir 20 gráður á vaxtartíma, því líklegra var fólk á svæðinu til að leita hælis annars staðar.

Parísarsamningurinn, sem flestar þjóðir heims eiga aðild að, var samþykktur þann 12. desember árið 2015 og gerir ráð fyrir hnattrænu átaki í losun gróðurhúsalofttegunda með það að markmiði að halda hlýnun Jarðar í eða undir tveimur gráðum, sé miðað við hitastig fyrir tíma iðnbyltingarinnar. Þannig gera jafnvel bjartsýnustu áætlanir ráð fyrir talsverðri hækkun og þar með mikilli fjölgun hælisleitenda í Evrópu, ef marka má rannsóknina frá Columbia-háskóla.

Kenningar hafa lengi verið á lofti um að snöggar breytingar á veðurfari stuðli að fólksflótta, átökum og óstöðugleika. Árið 2011 sýndu vísindamenn fram á tengsl milli þurrkatíðar vegna El Niño-veðurfyrirbærisins og aukinna átaka og ofbeldis.

kjartanh@frettabladid.is

Ýlir – Tónlistarsjóður Hörpu fyrir ungt fólk hefur það að markmiði að styðja ungt tónlistarfólk og veita því tækifæri til að koma fram í Hörpu. Sjóðurinn styður við verkefni af ólíkum toga og vill þannig ýta undir fjölbreytt tónlistarlíf í húsinu.

ÝLIR
TÓNLISTARSJÓÐUR
HÖRPU FYRIR UNGT FÓLK

AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM

FREKARI UPPLÝSINGAR Á YLIR.IS

YLIR.IS



Frá vettvangi mannskæðrar árásar í síðasta mánuði. NORDICPHOTOS/AFP

## Egyptar tóku fimmtán af lífi fyrir árás á Sínaí-skaga

**EGYPTALAND** Fimmtán voru teknir af lífi í Egyptalandi í gær eftir að hafa verið sakfelldir fyrir árás á hermenn á Sínaí-skaga árið 2013. Aftökurnar fóru fram í tveimur fangelsum í norðurhluta landsins.

Um var að ræða fyrstu fjöldaaftöku Egypta frá því sex skæruliðar voru hengdir fyrir tveimur árum. Mennirnir voru sakfelldir fyrir fjórum árum en þeir myrtu níu hermenn.

Átök hafa geisað á skaganum undanfarin ár. Hafa hermenn þar kljáðst við hryðjuverkamenn, meðal annars skæruliða hryðjuverkasamtakanna sem kenna sig við íslamskt ríki.

Hafa árásir þeirra einkum beinst gegn hermönnum, lögreglu og dómstólum.

Átökin hófust eftir að íslamistanum Mohamed Morsi var bolað úr stóli forseta landsins. Að minnsta kosti þúsund meðlimir öryggissveita landsins hafa fallið í bardögunum. Fjöldi fallinna vígamanna liggur ekki fyrir.

Í síðustu viku sprengdu ISIS-liðar þyrlu sem var á jörðu niðri á flugvelli á norðurhluta Sínaí-skaga. Einn hermaður fórst í árásinni og tveir særðust.

Í nóvember er talið að ISIS hafi staðið að hryðjuverkaárás á mosku á norðurhluta Sínaí-skaga en á þriðja hundrað létu lífið í þeirri árás.

Eftir árásina í síðasta mánuði ákvað forsetinn Abdul Fattah al-Sisi að gefa egypska hernum þriggja mánaða frest til þess að kveða niður starfsemi ISIS á svæðinu. Heimilaði hann að öllum mögulegum ráðum yrði beitt. – þea

**»** Mennirnir 15 gerðu árás á hermenn á Sínaí-skaga árið 2013.

**9**

hermenn fórust í árás mannanna fimmtán árið 2013.




PEUGEOT HEFUR SLEGIÐ Í GEGN HJÁ ÍSLENDINGUM OG NÚ KYNNUM VIÐ PEUGEOT SENDIBÍLA TIL LEIKS OG BJÓÐUM ÞÁ Á EINSTÖKU KYNNINGARTILBOÐI. PEUGEOT SENDIBÍLAR ERU BEST BÚNU SENDIBÍLARNIR OG FÁST Í TVEIMUR GERÐUM, EXPERT OG PARTNER.

**PEUGEOT EXPERT VAN**
• Bakkmyndavél með nálægðarskynjara • Blindpunktsviðvörun • Grip Control spólvörn
• Fæst í þremur lengdum • Flytur allt að 4 m langa hluti • 7" snertiskjár með Bluetooth

**PEUGEOT PARTNER**
• Bakkmyndavél með nálægðarskynjara • 850 kg burðargeta • 3,3 m³ hleðslurými
• Sveigjanlegt flutningsrými • 7" snertiskjár með Bluetooth

KOMDU OG KEYRÐU PEUGEOT SENDIBÍLA

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
Öruggur staður til að vera á

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Innlendar fréttamyndir ársins



Togarinn Polar Nanoq lagðist að bryggju í Hafnarfirði að kvöldi 18. janúar og voru þeir sem taldir voru hafa upplýsingar um hvarf Birnu Brjánsdóttur leiddir frá borði í járnum. Starfsmenn tæknideildar lögreglunnar fóru um borð skömmu eftir að skipið kom að landi og hófu rannsókn. Að lokum var einn karlmaður, Thomas Møller Olsen, dæmdur fyrir að hafa myrt Birnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




Alþjóðlegi verslunarrisinn Costco opnaði verslun í Kauptúni í Garðabæ 23. maí síðastliðinn. Mikil örtröð var í versluninni fyrstu dagana eftir opnun. Áður en hún var opnuð höfðu 35 þúsund aðildarkort verið seld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Framkvæmdir við Miklubraut vegna gerðar göngu- og hjólastígs hófust í byrjun maí. Vegfarendur voru beðnir um að sýna þolinmæði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Karlmaður lést eftir að hafa orðið fyrir líkamsárás við Æsustaði í Mosfellsdal. Sérsveit ríkislögreglustjóra var kölluð á vettvang. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Forystumenn ríkisstjórnarinnar voru ekki alveg sammála um hvernig handsala ætti stjórnarsáttmálann. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




## SÖLUSTAÐIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

**Reykjavík - Vesturbær**
- Risaflugeldamarkaður björgunarstöðinni Gróubúð, Grandagarði 1
- við Sundlaug Vesturbæjar

**Seltjarnarnes**
- Björgunarstöðin Gaujabúð við Suðurströnd

**Reykjavík - Austurbær**
- Risaflugeldamarkaður húsi Flugbjörgunarsveitarinnar, við Flugvallaveg
- í Skeifunni
- við Holtagarða
- við Lágmúla
- Skátaheimili Skjöldunga, Sólheimum 21a
- Kringlan (við World Class)

**Reykjavík - Grafarvogur**
- Spöngin
- Egilshöll

**Reykjavík - Breiðholt**
- við verslunina Nettó í Mjódd

**Reykjavík - Árbær/Höfði**
- Risaflugeldamarkaður Malarhöfða 6
- við Fylkisheimilið
- Bílabúð Benna, Vagnhöfða 23
- Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123 (við Bónus)

**Reykjavík - Grafarholt**
- Húsasmiðjan

**Reykjavík - Norðlingaholt**
- Norðlingabraut 1

**Kópavogur**
- Risaflugeldamarkaður björgunarmiðstöðinni við Bryggjuvör, Bakkabraut 4
- Nýbýlavegur (hjá Bónus)
- Kraftvélar
- Salalaug
- Krónan við Vallarkór 4

**Garðabær**
- Risaflugeldamarkaður við Bæjarbraut
- Kauptún á móti IKEA
- Haukshús á Álftanesi

**Hafnarfjörður**
- Risaflugeldamarkaður Björgunarmiðstöðinni Hvaleyrarbraut 32 (aðkoma frá Lónsbraut)
- Flatahrauni 14, (gamla slökkvistöðin)
- Tjarnarvellir

**Mosfellsbær**
- Björgunarsveitarhúsið, Völuteigi 23
- við Krónuna

## SÖLUSTAÐIR UM ALLT LAND

**Akranes**
Björgunarmiðstöðin, Kalmansvöllum 2

**Borgarnes og Borgarfjörður**
Björgunarsveitarhúsið, Brákarbraut 18
Bútæknihúsið á Hvanneyri
Björgunarsveitarhúsið Þorsteinsbúð, Reykholti

**Snæfellsnes sunnanvert**
Björgunarsveitarhúsið, Laugagerði

**Stykkishólmur**
Björgunarsveitarhúsið, Nesvegi 1a

**Grundarfjörður**
Björgunarhúsið, Sólvöllum 17a

**Rif**
Björgunarstöðin Von, Hafnargötu 1

**Búðardalur**
Björgunarsveitarhúsið, Vesturbraut 12

**Reykhólar**
Björgunarsveitarhúsið, Suðurbraut 5

**Patreksfjörður**
Björgunarsveitarhúsið Sigurðarbúð við Oddagötu

**Bíldudalur**
Björgunarsveitarhús Hafnarbraut 12

**Barðaströnd**
Brjánslækur

**Tálknafjörður**
Björgunarsveitarhúsið v/Strandgötu 42b

**Súðavík**
Björgunarsveitarhúsið, Ákabúð

**Ísafjörður**
Félagsheimilið Hnífsdal

**Bolungarvík**
Björgunarsv.húsið, Hafnargötu 60

**Flateyri**
Bryggjuhúsinu

**Suðureyri**
Björgunarsveitarhúsið, Skólagötu 3

**Þingeyri**
Björgunarsveitarhúsið Stefánsbúð

**Drangsnes**
Björgunarsveitarhúsið, Grundargötu 21

**Hólmavík**
Rósubúð, Höfðagötu 9

**Blönduós**
Björgunarfélagshúsið, Efstubraut 3

**Skagaströnd**
Í húsi Rauða krossins

**Hvammstangi**
Björgunarsveitarhúsið Húnabúð, Höfðabraut 30

**Hofsós**
Björgunarsveitarhúsið við Skólagötu 1, (nýbygging)

**Varmahlíð**
Björgunarstöðin við Sauðárkróksbraut

**Sauðárkrókur**
Björgunarsveitarhúsið Sveinsbúð, Borgarröst 1

**Siglufjörður**
Þormóðsbúð, Tjarnargötu 18

**Eyjafjarðarsveit**
Hrafnagilsskóli

**Ólafsfjörður**
Námuvegi 2, (vestanverðu)

**Akureyri**
Risaflugeldamarkaður í húsnæði björgunarsveitarinnar Súlna, Hjalteyrargötu 12

**Grenivík**
Björgunarsveitarhúsið Ægisbúð

**Dalvík**
Gunnarsbraut 4

**Hrísey**
Björgunarsveitarhúsið, Ægisgötu 13

**Grímsey**
Björgunarsveitarhúsið

**Svalbarðseyri**
Valsárskóli

**Aðaldalur**
Hjálparsveitarhúsið, Iðjugerði 1

**Kópasker**
Björgunarsv.húsið, Bakkagötu 6

**Þingeyjarsveit**
Björgunarsveitarhúsið að Stóru-Tjörnum, Melgötu 9

**Raufarhöfn**
Björgunarsv.húsið Stjörnubúð

**Mývatnssveit**
Björgunarsveitarhúsið, Múlavegi 2

**Þórshöfn**
Björgunarsv. húsið Hafliðabúð, Fjarðarvegi 6

**Bakkafjörður**
Björgunarsveitarhúsið Arnarbúð

**Vopnafjörður**
Björgunarsveitarhúsið Vogabúð

**Egilsstaðir**
Björgunarsveitarhúsið, Miðási 1-5

**Seyðisfjörður**
Björgunarsveitarhúsið, Hafnargötu 17

**Eskifjörður**
Slysavarnahúsið, Strandgötu 11

**Reyðarfjörður**
Björgunarsv.húsið Þórðarbúð

**Borgarfjörður eystri**
Björgunarsveitarhúsið Heiði

**Djúpivogur**
Sambúð, Mörk 12

**Neskaupstaður**
Hempa, Strandgötu 44

**Breiðdalsvík**
Björgunarsv. húsið, Selnesi 8

**Fáskrúðsfjörður**
Slysavarnahúsið, Grímseyri 9

**Hornafjörður**
Hús Björgunarfélagsins, Álaugarvegi 9

**Kirkjubæjarklaustur**
Björgunarstöðin á Iðjuvöllum

**Skaftártunga**
Björgunarsveitin Stjarnan

**Álftaver**
Björgunarsveitin

**Vík**
Björgunarsveitarhúsið, Smiðjuvegi 15

**Vestur - Eyjafjöll** Heimaland
Björgunarsveitarhúsið, Bræðrabúð

**Hvolsvöllur**
Björgunarsveitarhúsið, Dufþaksbraut 10

**Landeyjar**
Björgunarsv.húsið Sléttuból

**Hella**
Flugbjörgunarsveitarhúsið, Dynskálum 34

**Vestmannaeyjar**
Björgunarfélagshúsið, Faxastíg 38

**Flúðir**
Björgunarsveitarhúsið, Smiðjustíg 8

**Skeiða- og Gnúpverjahreppur**
Árnesi

**Biskupstungur**
Bjarkarbraut 2, Reykholti

**Selfoss**
Björgunarmiðstöðin, Árvegi 1
Austurvegi 23

**Stokkseyri**
Söluskúr við Smiðshús

**Eyrarbakki**
Björgunarsveitarhúsið, Búðarstíg 21

**Þorlákshöfn**
Óseyrarbraut 10
Kiwanishúsið

**Laugarvatn**
við Samkaup-Strax, Dalbraut 6

**Hveragerði**
Hjálparsveitarhúsið, Austurmörk 9

**Reykjanesbær**
Björgunarsveitarhúsið, Holtsgötu 51

**Sandgerði**
Björgunarsveitarhúsið, Austurgarði 4-6 (við höfnina)

**Vogar**
Björgunarskýlið, Iðndal 5

**Garður**
Björgunarsveitarhúsið Þorsteinsbúð

**Grindavík**
Björgunarsveitarhúsið, Seljabót 10

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

*Víðtækt starf Slysavarnafélagsins Landsbjargar miðar að því að bjarga mannslífum, verðmætum og koma í veg fyrir slys. Um eitt hundrað sveitir sjálfboðaliða eru til taks allan sólarhringinn, alla daga ársins.*

*Flugeldasalan er helsta tekjulind björgunarsveitanna og getur skipt sköpum. Tryggðu eigið öryggi og keyptu flugeldana af okkur.*

# Innlendar fréttamyndir ársins



Fjölskylda Nínu Rúnar Bergsdóttur studdi hana dyggilega allt frá því að ljóst varð að Róbert Downey hafði fengið uppreist æru. Þau gagnrýndu málflutning Bjarna Benediktssonar harðlega eftir stjórnarslitin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Ólafur Ólafsson mætti á fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis til að bregðast við skýrslu um kaupin á Búnaðarbankanum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar tók við völdum 11. janúar 2017 og starfaði út nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Boðað var til íbúafundar í Stapanum 25. ágúst eftir að Umhverfisstofnun tilkynnti að verksmiðju United Silicon yrði lokað. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra á leið til þingflokksfundar í Valhöll hinn 15. september, eftir að Björt framtíð ákvað að slíta ríkisstjórnarsamstarfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# ALVÖRU



## Harðparket, vínilparket, viðarparket

**Allt að 40% AFSLÁTTUR**

Verðdæmi:
8 mm Harðparket dökk eik (AC4). Verð **973** kr/m² **30%** afsláttur.
12 mm Harðparket hvíttuð eik (AC5). Verð **2.542** kr/m², **15%** afsláttur.
14 mm Viðarparket eik. Verð **1.931** kr/m² **40%** afsláttur.
5 mm Vínilparket. Verð **3.996** kr/m² **11%** afsláttur.




**20% AFSLÁTTUR**

## af allri málningu

Verðdæmi:
Deka Projekt 10L, Gljástig 10.
Verð nú **5.112** kr.
Verð áður ~~6.390~~ kr.

## BLÖNDUM ALLA HEIMSINS LITI




**15% AFSLÁTTUR**

**af öllum Supacell LED perum**

Verð frá **251** kr.



Bílskúrsryk- og vatnssuga.
Drive Pro ZD109, 1200W, 18L.
Verð nú

**20% AFSLÁTTUR**

**Allt að 40% AFSLÁTTUR**

## Flísar MIKIÐ ÚRVAL



Verðdæmi:
Gegnheil, ljósgrá, 7mm bílskúrsflís (R9),
**1.272** kr/m² **20%** afsláttur.

Ceraviva Desert White 60x30,
vegg/gólfflís,
**2.552** kr/m² **20%** afsláttur.

**Frá kr. 950 pr. m²**

**20% AFSLÁTTUR**



Asaki slípirokkur
125mm 850W
Verð nú
**5.584**
Áður ~~6.980~~ kr.

Lutool veltisög 1800W
255mm blað
**43.992**
Áður ~~54.990~~ kr.



**20% AFSLÁTTUR**

Lutool Combo Kit allt settið aðeins
**11.992**
Áður kr. ~~14.990~~



**20% AFSLÁTTUR**

Skrúfvél 12V
Stingsög - Sverðsög 12V
Fjölnotatæki 300W



**30% AFSLÁTTUR**

Olíufylltur rafmagnsofn 2000W
Verð nú
**5.943**
Áður ~~8.490~~ kr.

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

Afslættir gilda til 20/1/2018 aðeins á auglýstar vörur og á meðan birgðir endast.

# ÚTSALA

CERAVID




**CERAVID SETT**
**WC - kassi, hnappur og hæglokandi seta.**
**Þýsk gæðavara**
**29.554**
Áður kr. ~~37.890~~
**25% AFSLÁTTUR**

Oulin og Bolego stálvaskar
Mikið úrval
Verð frá
**4.893**
**20-30% AFSLÁTTUR**



**25% AFSLÁTTUR**



Oulin Florens eldhústæki
Verð nú
**8.918**
Áður ~~11.890~~ kr.

Lutool rafhlöðuborvél
24V Li-Ion
Verð nú
**8.704**
Áður ~~10.880~~ kr.
**20% AFSLÁTTUR**




**MIKIÐ ÚRVAL**




**20% AFSLÁTTUR**

Rafmangshitablásarar
Verðdæmi
2kw. 1.fasa.
Verð **5.512** kr.
verð áður ~~6.890~~
15kw. 3. fasa.
Verð **23.992** kr.
verð áður ~~29.990~~

**20% AFSLÁTTUR**

**Lavor One Plus 130 háþrýstidæla**
130 Max bar, 420min litrar. Fylgihlutir: Burstar, sápubrúsi & Turbóstútur.
**9.992**
Áður ~~12.490~~




**40% AFSLÁTTUR**

Spandy 1200W Cyclone pokalaus heimilsryksuga
**5.274**
Áður ~~8.790~~ kr.



Peningaskápur m. lykli (23x17x17cm)
Verð nú
**4.893**
Áður ~~6.990~~ kr.
**30% AFSLÁTTUR**





DeltaPlus Mach2 Vinnubuxur
Verð nú
**3.992**
Áður ~~4.990~~ kr.



Delta Mach 2 vinnuvesti
Verð nú
**3.992**
Áður ~~4.990~~ kr.
**20% AFSLÁTTUR**

**20% AFSLÁTTUR**



DeltaPlus Randers Vetrarúlpa.
Verð nú
**8.792**
Áður ~~10.990~~ kr.



BOZZ SH2205-3 Sturtusett m/hitastýrðu tæki
**19.912**
(rósettur fylgja)
Áður kr. ~~24.890~~
**20% AFSLÁTTUR**

**25% AFSLÁTTUR**



Plastkassi á hjólum með loki
28L-kr. **743** verð áður ~~990~~ kr.
52L- kr.**1.343** verð áður ~~1.790~~ kr.
108L-kr. **2.243** verð áður ~~2.990~~ kr.



**20% AFSLÁTTUR**

IP44 Tengibox með útsláttarrofum. 2 x 16A 3 fasa, 2 x 32A 3 fasa4 x 230V 16A
**21.592**
Áður kr. ~~26.990~~

Áltrappa fyrir heimilið 3ja þrepa
**3.190**
Áður kr. ~~3.990~~

4 þrepa kr. **3.952** áður ~~4.940~~
5 þrepa kr. **5.272** áður ~~6.590~~
6 þrepa kr. **5.592** áður ~~6.990~~



**20% AFSLÁTTUR**

Tia-AO15-106 Áltrappa fyrir fagmanninn 6 þrep.
**15.800**
Áður kr. ~~19.750~~



**20% AFSLÁTTUR**



BOZZ- LH2202-3 Hitastýrt sturtutæki með niður eða uppstút (rósettur fylgja)
**7.112**
Áður kr. ~~8.890~~

Bíla & gluggaþvottakústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun
**1.912**
Áður kr. ~~2.390~~
**20% AFSLÁTTUR**



Netgíró
Betri leið til að versla

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

# Breytingar



**Magnús Guðmundsson**
magnus@frettabladid.is

„Framfarir eru fallegt orð. En breytingar eru hvati þeirra og breytingar eiga sér óvini.“ Það er kannski hálf ankannalegt að vitna í Robert F. Kennedy, karlmann sem tilheyrði einni valdamestu ætt Bandaríkjanna, í þessum orðum sem eru skrifuð í tilefni af kvennabyltingu samtímans. En til þess að skilja hvað og hvernig við viljum móta framtíðina þurfum við að horfa um öxl yfir jakkafataklædda fortíðina. Yfir sögu sem er að miklu leyti mótuð af körlum og fyrir karla. Sögu þar sem breytingar hafa löngum mætt andstöðu, ekki síst þær breytingar sem hafa snúið að bættum hag og réttindum kvenna, hér á Íslandi sem annars staðar.

Og það hafa sannarlega átt sér stað breytingar á þessu ári sem er líða. Breytingar sem hafa mætt andstöðu og eiga sér óvini, en munu að endingu leiða til framfara. Þær munu leiða til framfara því þær eru fólgnar í byltingu kvenna sem neita að láta lengur bjóða sér ofríki, ofbeldi og óréttlæti í veröld hins aldagamla feðraveldis og stíga fram í nafni réttlætis og jafnaðar. Þessar konur eru menn ársins því konur eru líka menn og mannréttindi eru líka kvenna.

En þessi bylting sem er rétt að byrja verður hvorki átaka- né sársaukalaus frekar en aðrar samfélagsbreytingar sem leiða til framfara. Því höfum við þegar orðið vitni að t.d. á vettvangi stjórnmálanna, í leikhúsinu og Listaháskólanum. Það sem við höfum líka þegar orðið vitni að er að það skiptir óendanlega miklu máli hvernig breytingunum er tekið. Hvort höfðinu er stungið í sandinn þar til spilaborgin hrynur eða breytingunum mætt með opnum huga og vilja til bóta, betrunar og framfara.

Þannig mætti vel sjá fyrir sér að viðbrögð Listaháskóla Íslands, og mögulega einnig leikhúsanna sem nú eru að vinna í þessum málum, geti reynst öðrum fyrirmynd inn í nýja árið. Á heimasíðu skólans gefur að líta tímalínu yfir það hvernig hefur verið brugðist við og þó svo það ferli hafi hvorki verið mistaka- né gallalaust þá ber það vitni um vilja til þess að horfast í augu við vandann og taka á honum af fullri alvöru. Að gera breytingar sem miða að framförum. Þessi viðbrögð sýna líka vilja til þess að hafa þolendur í öndvegi vegna alls þess sem þeir hafa mátt ganga í gegnum í þögn, ótta og vanlíðan fyrir tilstilli gerenda, hvort sem þeir gerðu sér ljósar afleiðingar gjörða sinna eða ekki.

En það er skammgóður vermir að varpa allri ábyrgð á stofnanir og fyrirtæki. Treysta á það að kerfið í einhverri mynd leysi vandamál sem er sprottið út frá hegðun einstaklinga. Breytingarnar þurfa óhjákvæmilega að eiga sér stað hjá hverjum og einum, fyrst og fremst karlmönnum, þar sem viðhorf og framkoma eru tekin til innri endurskoðunar. Í framhaldinu má svo strengja það áramótaheit að fara ekki fram með ofbeldi, yfirgangi, ýtni og frekju. Að virða rétt einstaklinga til sjálfsákvörðunar og sjálfsyfirráða og sýna af sér kurteisi og mannvirðingu í mannlegum samskiptum. Það er ágætis vegferð inn í nýtt ár.

**Breytingarnar þurfa óhjákvæmilega að eiga sér stað hjá hverjum og einum, fyrst og fremst karlmönnum, þar sem viðhorf og framkoma eru tekin til innri endurskoðunar.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Hannes við 30 gráður**

**Þótt kaldir vindar blási um Hannes Hólmstein Gissurarson, prófessor og kennsluhætti hans í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, nýtur hann lífsins fjarri óróanum.**

**Áhyggjulaus eyðir Hannes nú jólunum í þrjátíu stiga hita í Brasilíu. Enda er hann að eigin sögn á Facebook meira sólarbarn en jólabarn. Hann mun þó snúa aftur „eins og farfuglarnir og hvalirnir“ og tekur þá væntanlega slaginn við uppreisnarnemendurna við háskólann sem hafa klagað hann undanfarið.**

**Að hjálpa sér sjálfur**

**Baráttukonan sannkristna, Margrét Friðriksdóttir, stofnaði nýlega hjálparsamtökin Náunginn sem ætlað er að aðstoða heimilislausa á Íslandi. Erfið staða þeirra sem hafa ekki þak yfir höfuðið komst í hámæli nýlega þegar tónlistarmaðurinn Gylfi Ægisson neyddist til þess að hefja búskap í bíl á tjaldstæðinu í Laugardal.**

**Skipað hefur verið í stjórn Náungans og þar situr sjálfur Gylfi sem meðstjórnandi. Eðlilega þar sem bæði tónlistarmaðurinn og Margrét hljóta að vera meðvituð um að Guð hjálpar þeim sem hjálpa sér sjálfir.**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Lagaleg skylda að bregðast við kynferðislegri áreitni



**Jóhann Fr. Friðriksson**
sérfræðingur sálfélagslegra þátta hjá Vinnueftirlitinu

Mikil vakning hefur átt sér stað í kjölfar #METOO byltingarinnar og má segja að hluti þeirrar vakningar snúist einmitt um að viðurkenna mikilvægi sálfélagslegra vinnuverndarþátta. Með sálfélagslegum vinnuverndarþáttum er m.a. átt við hvernig tryggja megi gott vinnuumhverfi þar sem starfsmenn verða hvorki fyrir félagslegum eða andlegum skaða við vinnu sína.

Samkvæmt reglugerð nr. 1009/2015 sem byggð er á vinnuverndarlögum ber atvinnurekanda skylda til að tryggja heilsusamlegt vinnuumhverfi. Í því felst m.a. að láta einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi á vinnustað ekki viðgangast og gera starfsmönnum ljóst með skýrum hætti að slík hegðun sé með öllu óheimil. Atvinnurekandi skal greina áhættuþætti er varða félagslegan og andlegan aðbúnað og nýta þá vinnu við forvarnir og gerð skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum. Farsælast er að starfsmenn eða fulltrúar þeirra komi að gerð áhættumats. Tryggja þarf að allar áætlanir og leiðir til úrbóta séu kynntar, eftir þeim sé farið og þær endurskoðaðar reglulega. Mikilvægt er að áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum sé öllum aðgengileg.

Það er skylda atvinnurekanda að bregðast við eins fljótt og kostur er þegar honum berst kvörtun eða ábending um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi. Honum ber einnig að bregðast við verði hann var við atferli eða aðstæður á vinnustað sem líkur eru á að leitt geti til slíkrar hegðunar verði ekki gripið til aðgerða. Starfsmenn sem telja sig hafa orðið fyrir áreitni eða hafa rökstudda grun eða vitneskju um slíka hegðun skulu upplýsa atvinnurekenda, vinnuverndarfulltrúa vinnustaðarins eða þá aðila sem skilgreindir eru samkvæmt viðbragðsáætlun.

Að gefnu tilefni stendur Vinnueftirlitið, aðilar er skipa stjórn þess og velferðarráðuneytið fyrir morgunverðarfundi á Grand Hótel Reykjavík þann 11. janúar nk. Tilgangur fundarins er að vekja athygli á mikilvægi þess að efla forvarnir á sviði vinnuverndar með sérstaka áherslu á kynferðislega- og kynbundna áreitni á vinnustöðum. Skráning á fundinn verður auglýst síðar.

**Tryggja þarf að allar áætlanir og leiðir til úrbóta séu kynntar, eftir þeim sé farið og þær endurskoðaðar reglulega.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

4BLS
KIPPA ÚT :)



OPNUM KL 12 Í DAG

# ÚTSALA ÁRSINS

GEGGJUÐ TILBOÐ Á TÖLVUGRÆJUM
AÐEINS Í ÖRFÁA DAGA • TAKMARKAÐ MAGN
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ






ALLT AÐ
80.000
AFSLÁTTUR
AF FARTÖLVUM

ALLT AÐ
75%
AFSLÁTTUR
Af yfir 1.000 tölvuvörum

FYRSTU
500
Gestir dagsins fá gefins poka af nýristuðum möndlum

27. desember 2017 • Tilboð gilda 27-30. desember eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

TÖLVUTEK

ÚTSALA ÁRSINS
27-30. DESEMBER
12:00 - 18:00
GAMLÁRSDAG
LOKAÐ
LOKAÐ 1. JAN 2018
OPNUM AFTUR 2. JAN KL 10:00

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



4BLS KIPPA ÚT :)
ÚTSALA
AÐEINS Í ÖRFÁA DAGA • TAKMARKAÐ
THAT'S YOU FYLGIR MEÐ
THAT'S YOU!
AÐEINS 25 STK 1 STK Á MANN
500GB PS4 SLIM 34.990 Verð áður 44.990
STAR WARS DRÓNI 16.990 Verð áður 29.990
50% AFSLÁTTUR
8"
MYNDA-RAMMI 6.495 Verð áður 12.990
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR Af hleðslurafhlöðum Ótrúlegt úrval!
FERÐA RAFHLAÐA 745 Verð áður 1.490
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR Af minnislyklum og minniskortum
ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR Af skjákortum og móðurborðum
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR Af öllum turnkössum
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR Af lyklaborðum og músum
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR Af hátölurum Ótrúlegt úrval
TÖLVUTEK ÓTRÚLEG TILBOÐ

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 27. desember 2017 — 48. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









## Viðskiptamaður ársins

Birgir Þór Bieltvedt er viðskiptamaður ársins að mati dómnefndar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Hann og aðrir fjárfestar seldu á árinu rekstur Domino's á Íslandi og nam söluverðið rúmum átta milljörðum.

»6



»2

### Viðskipti ársins

Koma bandaríska verslunarrisans Costco hingað til lands er viðskipti ársins. „Erlendi verslunarrisinn gjörbreytti landslaginu í íslenskri verslun og heldur áfram að gera það.“



»4

### Verstu viðskiptin

Fjárfesting Arion banka og lífeyrissjóða í kísilverksmiðju United Silicon í Helguvík er verstu viðskipti ársins. „Þetta eru ekki bara verstu viðskipti ársins heldur mesti skandallinn frá fjármálahruninu.“


## HEILSA

**Sérblað um heilsu mun fylgja Fréttablaðinu laugardaginn 30. desember.**

Í blaðinu verður fjallað um allt sem viðkemur bættri heilsu. Má þar nefna ýmiskonar hreyfingu og heilsurækt, hollt matarræði, æfingafatnaður, vítamín, fæðubótarefni og ýmsar aðrar heilsutengdar vörur.
Að venju er boðið upp á fjölmörg áhugaverð viðtöl og greinar sem gefa lesendum færi á að kynna sér fjölbreyttar leiðir til að koma skrokknum í gott stand.

Þetta sértæka efni í bland við gríðarlega mikinn lestur Fréttablaðsins tryggir að blaðið nær afar vel til allra þeirra sem

**Áhugasamir geta haft samband við auglýsingadeild sérblaða**
**Sími 512 5402**
**serblod@365.is**



# Ýmis viðskipti komust á blað sem þau bestu

Margir álitsgjafar nefndu kaup olíufélagsins N1 á Festi, næststærsta smásölufélagi landsins, sem viðskipti ársins. Enn er beðið ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins sem þarf að leggja blessun sína yfir kaupin. „Kaupin eru ígildi skráningar á stóru fyrirtæki á markaðinn," segir einn dómnefndarmaður. Annar bendir á að N1 muni með kaupunum sýna fram á að sókn sé besta vörnin. Kaupin séu ef til vill þau viðskipti sem gefi hvað mesta von og séu því jákvæðust á árinu. „Með þessari yfirtöku verður N1 næststærsta verslunarfyrirtæki landsins. Mikil hagræðing ætti að fást út úr þessum samruna," nefnir einn.

Kaup þriggja vogunarsjóða og fjárfestingarbankans Goldman Sachs á tæplega 30 prósenta hlut í Arion banka fyrir um 49 milljarða króna voru nokkrum dómnefndarmönnum hugleikin.

„Kaupin, sem komu strax í kjölfar afléttingar fjármagnshafta, mörkuðu hálfgerð tímamót í íslensku fjármálakerfi og voru ótvíræð traustsyfirlýsing við stöðu efnahagsmála hér á landi," segir í rökstuðningi eins dómnefndarmanns.

Annar segir að með kaupunum hafi kaupendurnir, sem eru meðal kröfuhafa Kaupþings, „stöðvað ágang og frekju stærstu íslensku lífeyrissjóðanna sem virðast stundum halda að þeir stjórni atvinnulífinu á Íslandi". Þá bendir enn einn á að erlendir aðilar hafi ekki átt svo stóran hlut í kerfislega mikilvægum banka hér á landi frá því lýðveldið var stofnað. „Verðið var hagstætt sem endurspeglar pólitíska áhættu hér á landi, óhagstætt skattumhverfi fjármálafyrirtækja og þá staðreynd að þetta er fyrsta slíka salan."

Kaup Fjarskipta á öllum eignum og rekstri 365 miðla, að undanskildum eignum er varða útgáfu Fréttablaðsins og tímaritsins Glamour, voru jafnframt nefnd til sögunnar sem viðskipti ársins. „Þetta eru góð viðskipti fyrir báða aðila sem og fjarskiptamarkaðinn í heild. Vodafone er komið í efnisveitu og er sterkara í samkeppninni fyrir vikið. 365 kemur flestum miðlunum í öruggt skjól.

**Kaup N1 á Festi eru ígildi skráningar á stóru fyrirtæki á markaðinn.**

Úr umsögn dómnefndar

Fjarskiptamarkaðurinn verður sjálfbærari þar sem það dregur úr ósjálfbærri samkeppni."

Sala íslenskra fjárfesta og lífeyrissjóða á 75 prósenta hlut í Keahótelum, þriðju stærstu hótelkeðju landsins, til bandaríska fasteignafélagsins JL Properties og eignastýringarfélagsins Pt Capital Advisors fyrir um 5,5 milljarða króna var einnig tilnefnd. „Hótelkeðjan var upphaflega keypt fyrir slikk og er svo seld á hátindi uppsveiflunnar í ferðaþjónustu, og á tímum eins hæsta gildis krónunnar, til erlendra aðila," segir einn dómnefndarmaður.

Nokkrir í dómnefndinni nefndu útgáfu ríkisins á 500 milljóna evra skuldabréfum fyrr í mánuðinum sem best heppnuðu viðskipti ársins. „Þau frábæru vaxtakjör sem ríkið fékk undirstrikar tiltrú alþjóðlegra fjárfesta á Íslandi og þeim viðsnúningi sem hefur orðið í efnahagslífi landsins. Ríkissjóður hefur aldrei tekið lán á hagstæðari kjörum og því markar útgáfan tímamót. Magnaður árangur að ná slíkum kjörum minna en áratug frá banka- og gjaldeyrishruninu."

Sala Framtakssjóðs Íslands á Icelandic Group í einingum komst einnig á blað og var þá tiltekið að sú ákvörðun sjóðsins að selja félagið fremur í einingum en heilu lagi hefði skilað hluthöfum, almenningi í landinu, einstaklega góðri ávöxtun.

Önnur viðskipti sem voru tilnefnd voru meðal annars kaup íslenskra fjárfesta og TM á ríflega helmingshlut í Stoðum, sem á 8,87% hlut í drykkjarframleiðandanum Refresco Group, kaup Kviku fjárfestingarbanka á Virðingu og Öldu sjóðum og sala á 69 prósenta hlut í Ölgerðinni sem gekk í gegn í aprílmánuði.



Eggert Þór Kristófersson, forstjóri N1

MARKAÐURINN
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301
Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang visir.is






Brett Vigelskas, verslunarstjóri Costco á Íslandi, tók við verðlaunum ásamt samstarfsmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Innkoma Costco gjörbreytti landslaginu

**Koma bandaríska verslunarrisans Costco hingað til lands er viðskipti ársins að mati dómnefndar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Costco er sagt hafa breytt landslaginu í íslenskri verslun og hrist verulega upp í smásölumarkaðinum.**

Opnun verslunar bandaríska risans Costco í Kauptúni í Garðabæ er viðskipti ársins að mati dómnefndar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Óhætt er að fullyrða að þessi næststærsta smásölukeðja Bandaríkjanna hafi hrist verulega upp í hérlendum smásölumarkaði, svo eftir hefur verið tekið, frá því að hún hóf innreið sína á markaðinn í maí síðastliðnum.

„Erlendi verslunarrisinn gjörbreytti landslaginu í íslenskri verslun og heldur áfram að gera það," nefnir einn dómnefndarmaður Markaðarins.

„Fáir eða enginn einstakur viðburður í íslensku atvinnulífi hefur haft eins víðtæk áhrif og sú viðskiptaákvörðun að opna Costco á árinu," segir annar úr dómnefndinni og bætir við: „Það er ekki nóg með að smásalan sé í uppnámi vegna algjörrar kerfisbreytingar á markaðinum, heldur stór hluti innflutningsfyrirtækja. Þegar við bætist aukning í vefverslun, sem er alþjóðleg í eðli sínu, er árið 2017 árið sem bylti smásölumarkaðinum."

Smásalar, heildsalar og matvælaframleiðendur hafa þurft að leita margvíslegra leiða til þess að bregðast við komu Costco og þeirri umbyltingu sem innreið verslunarrisans, sem og aukin netverslun, hefur leitt til í íslenskri verslun.

Áhrifanna fór raunar strax að gæta snemma árs 2014 þegar fyrst var greint frá því í fjölmiðlum að Costco hefði áhuga á því að hefja verslunarrekstur hér á landi. Þannig kom fram í Markaðinum í febrúar á þessu ári að sumir af stærstu heildsölum og matvælaframleiðendum landsins hefðu búið sig undir höggið, ef svo má segja, með því að semja við erlenda birgja sína um umtalsvert lægra innkaupsverð. Á daginn kom að mörg veitingahús og smærri verslanir sáu hag sínum best borgið með því að sneiða einfaldlega fram hjá heildsölunum og beina þess í stað viðskiptum sínum til Costco.

Nokkur stærstu smásölufyrirtæki landsins, svo sem Hagar og N1, ákváðu að mæta nýjum keppinaut með því að færa enn frekar út kvíarnar. Hagar skrifuðu undir samning um kaup á öllu hlutafé í Olís, en yfirtakan er háð samþykki Samkeppniseftirlitsins. Eftirlitsstofnunin ógilti einmitt kaup Haga á Lyfju í sumar, mörgum að óvörum.

## Sölur á Greenqloud og Domino's í 2. og 3. sæti

Salan á íslenska hugbúnaðarfyrirtækinu Greenqloud til bandaríska stórfyrirtækisins NetApp hafnaði í öðru sæti í vali dómefndar á viðskiptum ársins. Kaupverðið nam 51 milljón dala eða sem jafngildir um 5,3 milljörðum króna. Á meðal seljenda voru Kjölur fjárfestingarfélag, NSA Ventures, Omega Iceland í eigu fjárfestingafélags Björgólfs Thors Björgólfssonar, félag Birkis Kristinssonar og Meson Holding í eigu Vilhjálms Þorsteinssonar. **Jónsi Stefánsson** er forstjóri Greenqloud.





„Þeim tókst að byggja upp verðmætt fyrirtæki í þekkingariðnaði á stuttum tíma. Þetta er tegund af rekstri sem ætti að henta vel til uppbyggingar á Íslandi. Góð fyrirmynd fyrir önnur íslensk fyrirtæki. Vonandi fylgja önnur í kjölfarið," segir einn dómnefndarmaður.

Þriðja sætið í vali dómnefndar hlaut sala íslenskra fjárfesta á hlut sínum í Domino's á Íslandi til Domino's í Bretlandi. Breska félagið keypti fyrr í mánuðinum 44,3 prósenta hlut í Domino's á Íslandi fyrir jafnvirði 3,7 milljarða króna og á eftir viðskiptin 95,3 prósenta hlut.

Félögin Eyja, í eigu **Birgis Þórs Bieltvedt** og konu hans, Eyglóar Bjarkar Kjartansdóttur, og Edda, í eigu lífeyrissjóða, og Högni Sigurðsson seldu alla hluti sína í Domino's á Íslandi.

„Birgir Þór Bieltvedt leiddi hóp fjárfesta sem keypti Domino's á Íslandi af Landsbankanum fyrir um 560 milljónir króna á haustmánuðum 2011, að hluta til með seljandaláni. Þá var EBIDTA afkoma félagsins um 70 milljónir króna og kaupverðið þótti því ekki ódýrt. Sex árum seinna er EBIDTA afkoma félagsins komin í 750 milljónir króna og söluverðið er 8,4 milljarðar króna.

Þessi frábæri viðsnúningur í rekstri félagsins, fremur en hækkun á margföldurum í viðskiptum, hefur því skilað upphaflegu fjárfestunum tugföldun á fjárfestingu sína," segir einn úr dómnefndinni.

„Keypt fyrir klink frá Landsbankanum, rekstri snúið við og selt til erlendra aðila. Verður ekki flottara," nefnir annar.

Viðbrögð Haga virðast þó ekki hafa hughreyst fjárfesta, en til marks um það hefur hlutabréfaverð í félaginu hríðfallið, um meira en 35 prósent, frá því að Costco opnaði verslun sína. Sendi félagið auk þess í tvígang frá sér afkomuviðvörun í sumar þar sem fram kom að sölusamdráttur hefði orðið í júní og júlí.

Einn dómnefndarmaður nefnir að Hagar hafi sýnt algjört viðbragðsleysi við innkomu Costco. „Markaðurinn sýndi með afgerandi hætti hversu litla trú hann hefur á stjórnendum félaganna en lífeyrissjóðirnir sem eiga stærstan hluta drukku kaffi."

Þá festi N1 kaup á Festi, næststærsta smásölufélagi landsins sem rekur meðal annars 17 verslanir undir merkjum Krónunnar. Sameinað félag mun velta um 75 til 80 milljörðum króna á ári.

Einn úr dómnefndinni bendir á að áhrifa af komu Costco hafi ekki aðeins gætt í smásölu og heildsölu, svo sem með sameiningu Haga og Olís og N1 og Festar, lokun verslunar Kosts við Dalveg í Kópavogi og minnkandi áhrifum heildsala, heldur hafi gæði hjá framleiðendum, til dæmis kjötvara og eldislax, jafnframt aukist. Einnig hafi eldsneytismarkaðurinn breyst.

Enn annar dómnefndarmaður tekur fram að áhrifin af komu verslunarrisans virðist hafa verið vanmetin heilt yfir á markaðinum. „Að mínu mati hefur átt sér stað varanleg breyting með aukinni samkeppni, sem kemur viðskiptavinum á Íslandi til góða."

Annar úr dómnefndinni bendir á að neytendur hafi tekið innkomu Costco opnum örmum með góðum áhrifum á pyngjuna. „Það sannaðist að með einfaldara regluverki, afnámi tolla og vörugjalda, var hægt að opna samkeppni á fákeppnismarkaði. Það er gleðiefni."

kristinningi@frettabladid.is




marel

# 25 ÁR Í NASDAQ KAUPHÖLLINNI Á ÍSLANDI

Með stöðuga nýsköpun að leiðarljósi, hefur Marel umbreyst úr sprotafyrirtæki í alþjóðlegt hátæknifyrirtæki. Trú hluthafa á félaginu gefur okkur mikinn styrk í áframhaldandi sókn á helstu mörkuðum.

7,5 MILLJARÐAR Í NÝSKÖPUN OG VÖRUÞRÓUN

Kjúklingur **55%** af tekjum

Kjöt **32%** af tekjum

Fiskur **13%** af tekjum

**1992**
Marel skráð í Kauphöllinni

Marel er í dag verðmætasta félagið í Kauphöllinni. Við skráningu voru starfsmenn 45 talsins og velta félagsins 410 milljónir króna. Í dag starfa 5.100 starfsmenn hjá Marel sem velti samtals 130 milljörðum króna árið 2016.

32 lönd
**6 HEIMSÁLFUR**

5.100
Starfsmenn

Yfir 600 starfsmenn á Íslandi

**NÝTING**
AFKÖST
**ARÐSEMI**

Nýting á villtum hvítfiski hefur hækkað úr 58% í 83%

Tekjuvöxtur hefur verið um
**23%**
á ári að meðaltali síðustu 25 ár

***ADVANCING FOOD PROCESSING***

marel.com



„Þetta eru verstu viðskipti ársins og áratugarins,“ segir einn álitsgjafi um fjárfestingu Arion og lífeyrissjóða í United Silicon. „Þegar er búið að afskrifa 5 milljarða, það á eftir að afskrifa marga til viðbótar og eigandinn tapar 200 milljónum króna á mánuði á verksmiðju sem er ekki í rekstri.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fjárfestingin í kísilveri United Silicon sú

Fjárfesting Arion banka og lífeyrissjóða í kísilverksmiðju United Silicon í Helguvík er verstu viðskipti ársins að mati dómnefndar Fréttablaðsins, bankans, sem var alltumlykjandi í verkefninu, er harðlega gagnrýnd og ábyrgð hans sögð þung. Dómnefndarmenn segja stein ekki hafa staðið

Fjárfesting Arion banka og lífeyrissjóða, þar af þriggja sjóða í stýringu bankans, í kísilverksmiðju United Silicon í Helguvík fær þann vafasama heiður að vera verstu viðskipti ársins 2017 að mati dómnefndar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis.

„Þetta eru ekki bara verstu viðskipti ársins heldur mesti skandallinn frá fjármálahruninu. Ég vona innilega að þeir sem bera ábyrgð á fjárfestingum í þessu ágæta verkefni líti í eigin barm, axli ábyrgð gagnvart sjálfum sér og finni sér eitthvað annað að gera en að fjárfesta fyrir annarra manna fé,“ segir einn dómnefndarmaður Markaðarins.

Annar segir útskýringar á valinu óþarfar: „Þetta hlýtur að vera óumdeilt og skýrir sig sjálft.“ Enn einn segir stein ekki hafa staðið yfir steini. „Það er engu líkara en að menn hafi verið blindaðir af að klára dílinn. Viðvörunarflögg, sem eru augljós eftir á, voru virt að vettugi.“

Einn úr dómnefndinni bendir á að saga kísilversins hafi verið samfelld sorgarsaga. „Kísilverið átti að vera það stærsta í heiminum en eftir stendur – nú rúmum þremur árum eftir að fyrsta skóflustungan var tekin – að Arion banki og þrír lífeyrissjóðir í stýringu bankans hafa þurft að taka á sig níðþungt fjárhagslegt högg vegna eintómra vandræða kísilversins. Ábyrgð Arion banka, sem aðalfjárfestis kísilversins, er þung,“ segir sá hinn sami.

**Allt á afturfótunum**

Eins og kunnugt er hefur verið slökkt á ofni verksmiðjunnar og framleiðsla legið niðri frá því í lok ágústmánaðar þegar Umhverfisstofnun ákvað að stöðva starfsemi kísilversins. Ríflega eitt ár er síðan verksmiðjan var ræst en frá þeim tíma hefur hvorki gengið né rekið. Tvívegis hefur komið upp eldur í verksmiðjunni og þá hafa hundruð kvartana borist Umhverfisstofnun vegna lyktarmengunar frá kísilverinu.

Verksmiðjan fékk heimild til greiðslustöðvunar um miðjan ágústmánuð en hún gildir til 22. janúar. Gert er ráð fyrir því að það taki einhverja mánuði að koma verksmiðjunni í þannig stand að hægt verði að hefja þar framleiðslu á kísilmálmi. Arion banki, sem er stærsti hluthafi kísilversins og var í ofanálag alltumlykjandi í fjármögnun hennar, hefur sagt að það þurfi að leggja til „verulega fjármuni“ til að fullklára verksmiðjuna en samkvæmt heimildum Markaðarins hleypur sú upphæð á milljörðum króna. Ekki er útilokað að United Silicon verði sett í þrot þegar greiðslustöðvunartímabili félagsins lýkur.

Bankinn hefur þegar afskrifað 4,8 milljarða króna af lánveitingu sinni til kísilversins, en útistandandi skuldbinding nemur um 5,4 milljörðum sem eru um 2,4 prósent af eigin fé bankans. Greint var frá því í Markaðinum í nóvember að kostn-






## Seðlabankasala og höfnun lífeyrissjóða í 2.-3. sæti

Sala Seðlabanka Íslands á sex prósenta hlut í Kaupþingi og sú ákvörðun nokkurra lífeyrissjóða að hafna 11 milljarða króna tilboði í hlut HS Orku í Bláa lóninu voru í 2.-3. sæti í vali á verstu viðskiptum ársins.

Gengið var frá sölu Seðlabankans á hlut sínum í Kaupþingi í nóvember árið 2016 og var kaupverðið um 19 milljarðar króna. Upplýst var um það í Markaðinum í mars að aðeins tveimur mánuðum eftir söluna hefði umræddur hlutur hækkað í virði um 4 til 5 milljarða eftir að Deutsche Bank samþykkti að ljúka ágreiningsmáli við Kaupþing með 50 milljarða króna eingreiðslu til félagsins.

„Forsvarsmenn Seðlabankans voru teknir í bólinu og virðast hafa samið af sér. Niðurstaðan var að bankinn varð af að minnsta kosti fjórum milljörðum króna og hafa nú margir þurft að svara opinberlega fyrir að fórna lægri upphæðum í opinberum rekstri,“ segir í umsögn eins dómnefndarmanns.

Sú ákvörðun nokkurra lífeyrissjóða að beita neitunarvaldi sínu og hafna rúmlega 11 milljarða króna tilboði sjóðs í stýringu Blackstone, eins stærsta fjárfestingafélags heims, í 30 prósenta hlut HS Orku í Bláa lóninu var nokkrum dómnefndarmönnum ofarlega í huga.



Davíð Rúdólfsson, stjórnarformaður Jarðvarma, sem fer með hluti lífeyrissjóðanna í HS Orku.

„Auk þess að vera svimandi hár verðmiði hefði innkoma Blackstone sem minnihlutaeigandi í Bláa lóninu verið mikil vítamínsprauta fyrir íslenskt viðskiptalíf og hina vaxandi grein ferðaþjónustu. Þar hefur Blackstone einmitt getið sér mjög gott orð og með ævintýralegri uppbyggingu á fyrirtækinu Merlin sem á og rekur marga af þekktustu skemmtigörðum heims. Ísland verður því af þekkingu þeirra, í bili að minnsta kosti,“ segir einn álitsgjafi Markaðarins.

Annar tekur fram að tilboð sjóðsins hafi verið mjög gott og í efri mörkum þess sem búast hafi mátt við.



Már Guðmundsson seðlabankastjóri.



# versta

Stöðvar 2 og Vísis. Framganga yfir steini í verkefninu.

aður vegna reksturs United Silicon hafi að jafnaði numið í kringum 200 milljónir króna í hverjum mánuði frá því að kísilverið fékk heimild til greiðslustöðvunar.

Þrír lífeyrissjóðir í stýringu bankans – Frjálsi lífeyrissjóðurinn, Eftirlaunasjóður Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands – fjárfestu auk þess í kísilverinu fyrir alls 1.375 milljónir króna og þá hefur Festa lífeyrissjóður fært niður 875 milljóna króna fjárfestingu sína.

Arion banki kærði Magnús Garðarsson, fyrrverandi forstjóra og stofnanda United Silicon, til héraðssaksóknara í haust vegna gruns um refsiverða háttsemi. Magnús hefur mótmælt þeim ásökunum og sagt þær „rangar og tilhæfulausar“.

**„Algjörlega skelfilegt“**

„Ég skil ekki hvernig ákvörðunin um að fara alla leið með lánveitingu, fjárfestingu og sjóði í stýringu inn í eitt og sama verkefnið gengur upp innan við tíu árum eftir hrun,“ segir einn úr dómnefnd Markaðarins og bætir við: „Þetta er andhverfa þess sem lærðist í bankahruninu. Það er svo margt sem lítur út fyrir að vera brotið í ferlinu og ekki hjálpa meint svik forstjórans til.“

„Þetta eru algjörlega skelfileg viðskipti, bæði fyrir fjárfesta sem lögðu fram eigið fé og bankann sem tapaði lánsfénu,“ nefnir annar.

„Þetta eru verstu viðskipti ársins og áratugarins,“ segir enn einn álitsgjafi. „Þegar er búið að afskrifa 5 milljarða, það á eftir að afskrifa marga til viðbótar og eigandinn tapar 200 milljónum króna á mánuði á verksmiðju sem er ekki í rekstri.“

kristinningi@frettabladid.is

## Önnur viðskipti sem komust á blað:

- **Vandi Kortaþjónustunnar í kjölfar greiðslustöðvunar Monarch** „Afleitt áhættumat leiddi til þess að félagið varð nánast gjaldþrota á einni nóttu.“
- **Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að ógilda kaup Haga á Lyfju** „Algjör mislestur á stöðunni og ótrúverðugur úrskurður. Ekki var tekið tillit til breytta markaðsaðstæðna í smásölu á Íslandi.“
- **Fjárfesting lífeyrissjóða og Icelandair Group í Fákaseli** „Hestagarðurinn Fákasel lagði upp laupana á árinu. Greinilega eru íslenskir hestar ekki sexý þessa dagana.“
- **Vandræði Icelandair Group** „Icelandair eltir önnur flugfélög og fyllir dýrustu sætin af starfsmönnum. Félagið virðist ekki geta hagnast sæmilega af rekstrinum í tveggja tölustafa vexti ferðaþjónustu hér á landi sem gefur manni ekki góð fyrirheit um reksturinn í mótvindi.“
- **Kaup ríkisins á aflandskrónum af kröfuhöfum** „Það eru röng skilaboð að verðlauna hegðun kröfuhafa sem byggðist á hótunum og því að fylgja ekki þeim leikreglum sem stjórnvöld höfðu sett.“
- **Kaup Dalsins á meirihluta í Pressunni**
- **Kaup Everton á Gylfa Sigurðssyni**
- **Sala Glitnis á hlut sínum í Stoðum**





# TÖLUM UM STAÐREYNDIR



Þann 1. desember 1918 varð Ísland frjálst og fullvalda ríki. Á hundrað árum hefur öflugt íslenskt atvinnulíf lagt grunn að góðum lífskjörum og mikilli velsæld.

- Á Íslandi eru að meðaltali greidd næst hæstu heildarlaun í heimi á eftir Sviss. Laun eru hærri á Íslandi en í Lúxemborg, Danmörku og Noregi.
- Lágmarkslaun á Íslandi eru meðal þeirra hæstu í heimi.
- Dagvinnutími á ári á Íslandi er hvergi styttri í Evrópu að Frakklandi undanskildu.
- Og tekjujöfnuður er hvergi meiri.

Þetta eru staðreyndir sem landsmenn geta verið stoltir af á hundrað ára afmælisári sjálfstæðis og fullveldis Íslands.

Heimildir: OECD, hagstofur Norðurlandanna, Eurofound og SA.

SA
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Kristín Þorsteinsdóttir, útgefandi og aðalritstjóri 365, afhenti Birgi Þór Bieltvedt, fjárfesti og veitingamanni, viðurkenningu frá dómnefnd Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis sem viðskiptamaður ársins. FRÉTTA

# Seldi daginn fyrir fimmtugsafmælið

**Birgir Þór Bieltvedt er viðskiptamaður ársins að mati dómnefndar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Hann og aðrir fjárfestar seldu á árinu rekstur Domino's á Íslandi og nam söluverðið rúmum átta milljörðum króna. Verður áfram hluthafi í Noregi og Svíþjóð.**

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Það er heiður að hljóta slíka viðurkenningu. Ég er stoltur en að sama skapi er ég ekki einn um verkið heldur er um að ræða samstarf starfsmanna, stjórnar og hluthafa. Ég tek því við þessari viðurkenningu fyrir hönd þessa hóps,“ segir Birgir Þór Bieltvedt, fjárfestir og veitingamaður, sem dómnefnd Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis valdi viðskiptamann ársins 2017.

Birgir seldi á árinu rekstur Domino’s á Íslandi (Pizza Pizza ehf.) til Domino’s Pizza Group (DPG), sérleyfishafa pitsukeðjunnar í Bretlandi. Sala á 95,3 prósenta hlut í íslenska félaginu hófst um mitt ár í fyrra en lauk þann 14. desember síðastliðinn þegar DPG keypti 44,3 prósenta hlut til viðbótar. Við það fóru Birgir og meðfjárfestar hans út úr hluthafahópnum en hann leiddi hópinn sem keypti reksturinn af Landsbankanum fyrir um 560 milljónir króna á haustmánuðum 2011. Eiginfjárframlag hópsins í kaupunum nam um 260 milljónum. Sex árum seinna nam söluverðið 8,4 milljörðum króna og eigendur félagsins einnig búnir að byggja upp rekstur í Noregi og Svíþjóð. Meðlimir dómnefndarinnar bentu meðal annars á að viðsnúningur í rekstri pitsukeðjunnar hefði á þessum tíma skilað upphaflegu fjárfestunum tugföldun á fjárfestingu sinni.

„Þetta Domino’s verkefni er ekki mér einum að þakka en mér tókst að setja saman hóp árið 2011 sem var byggður bæði á gömlum samstarfsmönnum mínum og nýjum og það er held ég það sem ég held að hafi skipt sköpum í viðsnúningnum. Ég náði að setja saman rétta teymið og skýr markmið um hvert við ættum að fara. Þetta teymi hefur unnið þá vinnu meira en ég en að einhverju leyti undir minni leiðsögn þó. Ég bjó síðan vissulega til „exit-strategíuna“ og sjálfan „dílinn“ en það er skemmtilegt að segja frá því að ég setti mér það markmið snemma árs 2015 að selja Domino’s á Íslandi áður en ég yrði fimmtugur og það tókst deginum áður.

Þegar DPG tók ákvörðun um að fjárfesta í mínu félagi í maí 2016, eftir óformlegan fund í Lundúnum milli mín og Davids Wild, forstjóra fyrirtækisins, voru þeir í rauninni að leita að nokkrum mismunandi hlutum. Í fyrsta lagi vaxtartækifæri sem við gátum sýnt í gegnum sérleyfisréttinn sem við höfðum í Noregi og Svíþjóð. Þeir voru einnig að leita eftir þekkingu á rekstri sinna eigin búða því DPG var á þessum tíma einungis sérleyfishafi og á réttinn fyrir England, Írland og aðra markaði, en rekur engar búðir sjálft. Þeir hafa byggt sitt fyrirtæki upp með því að selja öðrum réttindi til að reka staði og hafa hagnast fyrst og fremst á leyfisgjaldstekjum en einnig á að selja vörur og annað sem þarf til að reka staðina. Þeir eru nú að færa sig yfir í að reka




Pizza Pizza, móðurfélag Domino’s á Íslandi, rekur í dag 22 pitsustaði Domino’s hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Ég náði að setja saman rétta teymið og skýr markmið um hvert við ættum að fara**

# Fólk

Jólin

MIÐVIKUDAGUR 27. DESEMBER 2017



Þórdís Anna Gylfadóttir er mótstjóri landsmótsins og um leið fyrsta konan sem stýrir keppnishluta Landsmóts hestamanna. MYND/EYÞÓR

# Gæði, gæsahúð og gleði

Landsmót hestamanna er einn stærsti íþróttaviðburður sem haldinn er hérlendis en næsta mót fer fram í Reykjavík sumarið 2018. Boðið verður upp á glæsilegt mótssvæði og fjölbreytta dagskrá fyrir kynslóðir gesta sem njóta og skemmta sér saman. Erlendum gestum fjölgar með hverju mótinu. ➔2



**Verðlaunabarþjónninn Jónas Heiðarr Guðnason gefur lesendum uppskriftir að ljúffengum áramótakokteilum.** ➔6



**Framhald af forsíðu ➪**



Á Landsmótum hestamanna eru samankomnir bestu hestar og knapar landsins í bland við ungar og upprennandi stjörnur. MYND/GÍGJA D. EINARSDÓTTIR

Landsmót hestamanna verður haldið í Reykjavík dagana 1.-8. júlí árið 2018. Það er hestamannafélagið Fákur í Reykjavík sem heldur þetta 23. landsmót og mun það fara fram á félagssvæði hestamannafélagsins Fáks í Víðidal í Reykjavík.

Þórdís Anna Gylfadóttir er mótstjóri landsmótsins og um leið fyrsta konan sem stýrir keppnishluta landsmóts hestamanna. Framkvæmdastjóri Landsmótsins alls er hins vegar Áskell Heiðar Ásgeirsson. Þórdís hefur unnið að verkefnum tengdum hestum nánast alla starfsævi sína en tekur nú þátt í undirbúningi landsmótsins í fjórða sinn.

„Landsmót hestamanna er einn stærsti íþróttaviðburður sem haldinn er hérlendis og mótið næsta sumar verður engin undantekning. Við munum bjóða upp á glæsilegt mótssvæði, vellir og aðstaða er til fyrirmyndar og nóg af hesthúsaplássum fyrir alla. Það er búið að fjölga áhorfendabrekkum svo nú verður hægt að sitja nánast hringinn í kringum keppnisvöllinn.“

## Mögnuð reiðmennska

Fyrsta dag mótsins, sunnudaginn 1. júlí, verður forkeppni í barna- og unglingaflokki. Ókeypis verður inn á Landsmótið þann daginn að sögn Þórdísar og því gefst öllum áhugasömum kostur á að kíkja á Landsmót í a.m.k. einn dag. „Reiðmennskan og hestakosturinn í yngri flokkum er oft á tíðum algjörlega magnaður og það er hrikalega gaman að fylgjast með sýningum yngstu keppendanna. Þarna er frábært tækifæri til þess að kynna sér betur íslenska hestinn, hestaíþróttina og hestasamfélagið allt.“

Auk keppni og kynbótasýninga verður sett upp vegleg hliðardagskrá sem samanstendur af fræðslu, fyrirlestrum og sýnikennslu. „Svo má ekki gleyma skemmtidagskránni, bæði fyrir börn og fullorðna, sem er fjölbreytt að vanda“.

Knattspyrnuunnendur sem koma á Landsmót munu svo sannarlega ekki missa af neinu. „Boðið verður upp á fyrsta flokks aðstöðu á mótssvæðinu til að njóta beinna útsendinga frá HM í Rússlandi á risaskjá. Það er því óhætt að lofa frábærri fótboltastemmingu í bland við bestu hesta landsins í Víðidal í Reykjavík næsta sumar.“

## Kynslóðir koma saman

Landsmót hestamanna er sannarlega einstök upplifun segir Þórdís, gæði, gæsahúð og gleði allt í senn. „Þarna eru samankomnir bestu hestar og knapar landsins. Ungar og upprennandi stjörnur í bland við eldri og reyndari. Þau eru mörg augnablikin sem maður gapir yfir íslenska hestinum sem alltaf nær að koma manni á óvart með ótrúlegri frammistöðu og afköstum.“

Landsmót er líka hestamannamót, þar sem kemur saman fjöldinn allur af fólki; hestamenn og aðrir unnendur íslenska hestsins á öllum aldri. „Hér njóta og skemmta sér margar kynslóðir saman. Það geta allir fundið sína tengingu við íslenska hestinn, hann er svo ótrúlega mögnuð skepna og er líka svo stór hluti af sögu okkar Íslendinga.“

## Fjölbreytt dagskrá

Allir ættu að finna sér eitthvað við hæfi á landsmótinu. „Hér verður sannkölluð veisla fyrir unnendur íslenska hestsins. Boðið verður upp á keppni og sýningar á tveimur völlum, ræktun íslenska hestsins verða gerð góð skil og einnig verður stórt markaðssvæði fyrir þá sem vilja gera góð kaup. Börnin fá leiksvæði á besta stað, fræðsla og fyrirlestrar verða í boði fyrir þá sem vilja auka við þekkingu sína og síðast en ekki síst verður mikil gleði frá morgni til kvölds.“



> **Hér verður sannkölluð veisla fyrir unnendur íslenska hestsins. Boðið verður upp á keppni og sýningar á tveimur völlum, ræktun íslenska hestsins verða gerð góð skil og einnig verður stórt markaðssvæði fyrir þá sem vilja gera góð kaup. Börnin fá leiksvæði á besta stað, fræðsla og fyrirlestrar verða í boði fyrir þá sem vilja.**
>
> Þórdís Anna Gylfadóttir

Lagt var upp með að hafa dagskrá mótsins eins hestvæna og hægt er. „Það verður t.d. gefinn frídagur á milli forkeppni og keppni í milliriðlum í hverjum flokki fyrir sig. Einnig verður frídagur á milli fyrri og seinni umferðar í skeiðkappreiðum. Auk þess verður reynt að taka tillit til knapa og passað að dagarnir verði ekki of langir, þó svo að dagskráin þéttist töluvert þegar líða fer á vikuna og nái svo hámarki fimmtudag til sunnudags.“



Það er aldrei lognmolla á Landsmótum. MYNDIR/GÍGJA D. EINARSDÓTTIR

## Margir erlendir gestir

Í forsölunni hefur nú verið selt hlutfallslega meira af miðum til erlendra gesta heldur en áður segir Þórdís. „Íslenski hesturinn á aðdáendur út um allan heim. Hann má finna í fjölmörgum löndum og hingað kemur mikill fjöldi ferðamanna ár hvert til að kynnast íslenska hestinum. Markaðssetning íslenska hestsins hefur einnig aukist gífurlega með tilkomu Íslandsstofu og markaðsverkefnisins Horses of Iceland.“

Forsala aðgöngumiða er nú í hámarki en hún rennur út á miðnætti 31. desember. Eingöngu verða 3.500 miðar í boði í forsölu. Verð á vikupassa fyrir fullorðna í forsölu er 15.900 kr. en fullt verð á vikupassa við upphaf móts verður 23.500 kr.

Nánari upplýsingar má finna á www.landsmot.is.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.
**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson
**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357
**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433




*Gleðilegt nýtt ár og takk fyrir árið sem er að líða*

# ÁRAMÓTASPRENGJAN hefst í dag!

FRÁBÆR tilboð í Zik Zak í Kringlunni og á Glerártorgi **dagana 27-31.desember**

## Valdar vörur á ***allt að 50% afslætti!***

-Það verða **MJÖG MIKIÐ af tilboðum í gangi!**

ZIKZAK
TÍSKUHÚS

# Prestsstarfið er köllun

**Gunnar Einar Steingrímsson hefur starfað sem sóknarprestur í Norður-Þrændalögum í Noregi í tæplega sex ár. Hann hlakkar til að fara í vinnuna á hverjum degi og tekst á við fjölbreytt verkefni.**

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Undanfarin tæp sex ár hefur Gunnar Einar Steingrímsson starfað sem sóknarprestur í Norður-Þrændalögum í Noregi. Fjölskyldan hefur komið sér vel fyrir í bænum Beitstad og aðlagast vel norsku samfélagi. Starf sóknarprests er fjölbreytt og oft á tíðum annasamt en norskt samfélag er mjög fjölskylduvænt og Gunnari, eiginkonu hans, Erlu Valdísi Jónsdóttur, og börnum þeirra þremur, Steingrími Inga, Friðbjörgu Önnu og Rúnari Hauki, líður vel í skógi vöxnum umhverfi Þrændalaga.

Desember er eðlilega annasamur í starfi presta og er Gunnar þar engin undantekning. Hann er prestur í þremur sóknum, Beitstad, Namdalseid og Nord-Statland, þar sem samanlagt eru um það bil 4.000 sálir og fjögur guðshús að hans sögn. „Prestsstarfið er sannarlega köllun og ég hlakka til þess að fara í vinnuna á hverjum degi. Starfið er ótrúlega fjölbreytt og það eru forréttindi að fá að taka þátt í lífi fólks á stærstu augnablikunum í lífi þess, bæði í sorg og í gleði."



Gunnar Einar Steingrímsson er prestur í þremur sóknum, Beitstad, Namdalseid og Nord-Statland, þar sem samanlagt eru um það bil 4.000 sálir og fjögur guðshús. Hann segir starfið ótrúlega fjölbreytt og að hann hlakki til að mæta í vinnuna á hverjum degi.

## Allt nýtt

Gunnar hafði ekki lokið prestsnáminu þegar sú hugmynd kviknaði að sækja um stöðuna í Noregi á sínum tíma. „Góður vinur minn úr guðfræðideildinni, Arndís Hauksdóttir, fékk prestsstöðu í Norður-Þrændalögum í Noregi árið 2011 og hún lét mig vita að hér væri laus prestsstaða en skortur er á prestum í Noregi um þessar mundir. Við hjónin skruppum í heimsókn til Arndísar sumarið 2011 til þess að kanna aðstæður og okkur leist ljómandi vel á þetta og ég sótti um stöðuna."

Fyrstu mánuðirnir voru erfiðir að sögn Gunnars. „Ný vinna, nýtt land, nýtt tungumál, nýir vinir og nýtt fólk. Það var bókstaflega allt nýtt. Auk þess sem það krafðist töluverðrar orku og einbeitingar að vera í fullri vinnu ásamt því að stunda nám í tveimur háskólum á sama tíma. Til þess að ljúka náminu á sem skemmstum tíma var ég í fjarnámi við guðfræðideild Óslóarháskóla auk þess sem ég stundaði einnig nám við KUN í Tromsö."

> **Starfið er ótrúlega fjölbreytt og það eru forréttindi að fá að taka þátt í lífi fólks á stærstu augnablikunum í lífi þess, bæði í sorg og í gleði.**

## Öllum tekið vel

Það er mjög gott að vera prestur í Noregi að sögn Gunnars. Norsku kirkjunni er afskaplega annt um prestana sína og það skiptir miklu máli að þeim líði vel í starfi sínu og að fjölskyldunni líði líka vel. „Ég hef aldrei starfað sem prestur á Íslandi þannig að ég hef ekki samanburð. Þó held ég að prestsstarfið í þessum tveimur löndum sé afskaplega líkt. Innri stjórnun kirkjunnar er þó svolítið frábrugðin en hinn almenni kirkjugestur verður ekki svo mikið var við það."



Gunnar Einar Steingrímsson ásamt eiginkonu sinni, Erlu Valdísi Jónsdóttur.

Fjölskyldunni líður dásamlega í Noregi að sögn Gunnars. Börnin aðlöguðust ótrúlega fljótt og var þeim öllum tekið mjög vel. „Það skiptir öllu máli við svona aðstæður því auðvitað er stór ákvörðun að flytja með fjölskylduna til lands þar sem maður þekkir nánast engan og hefur ekkert félagslegt net í. En alveg frá fyrsta degi fengum við þá tilfinningu að við værum velkomin og að hér ættum við heima. Kostirnir eru margir en auðvitað eru ókostir líka eins og alls staðar. En mest snýst þetta bara um mann sjálfan og eigið viðhorf.

## Mikið jólabarn

Jólin og áramótin eru fjölskylduhátíð og segir Gunnar fjölskylduna verja þessum dögum saman þrátt fyrir að fjölskyldufaðirinn þurfi að vinna inn á milli. Hann segist vera mikið jólabarn og hlakka alltaf mikið til jólanna. „Það eru aðventukvöld, leikskólaheimsóknir í kirkjurnar, skólamessur og heimsóknir á elli- og hjúkrunarheimili. Yfir sjálfa hátíðina var ég með sex messur, þrjár á aðfangadag, eina á jóladag, eina á annan dag jóla og svo eina í dag, þriðja dag jóla."

Undanfarin ár hefur ekki tíðkast að hafa messur á gamlárskvöld í sóknum Gunnars en hins vegar hefur hann „opna kirkju" í tveimur af kirkjunum sínum þann daginn. „Margir fara í kirkjugarða og kveikja á kertum og þá er gott að geta komið aðeins inn í kirkjuna, fá sér kaffi og spjalla í stutta stund."

## Sakna fjölskyldunnar

Aðfangadagur hófst snemma hjá Gunnari sem vaknaði kl. 7 og hóf matseldina. „Við borðum purusteik á aðfangadag sem er hefð sem ég ólst upp við. Kjötið hægeldast svo allan daginn og er því fullkomið þegar loksins er snætt. Síðustu árin hlustum við á jólamessuna á RÚV gegnum netið eða fylgjumst með jólamessunni í Grafarvogskirkju í gegn um visir.is. Síðan slöppum við bara af yfir hátíðirnar."

Á jóladag fór fjölskyldan með Gunnari í messu og borðaði svo venju samkvæmt hangikjöt og laufabrauð. „Annars reynum við að gera eitthvað saman yfir hátíðirnar, t.d. fara saman á gönguskíði eða bara út að labba. Yfir jólin finnum við hvað við söknum fjölskyldunnar á Íslandi. Á gamlárskvöld verðum við bara að öllum líkindum heima hjá okkur og stefnum á að steikja kalkún. Við skjótum einnig upp rakettum þótt þær séu mun færri hér í Noregi en heima á Íslandi. Síðan horfir fjölskyldan saman á Skaupið. Ég hlakka einnig alltaf til að heyra ræðu kóngsins á gamlárskvöld."




Heimsfræga
ÁRAMÓTA
ÚTSALAN
hefst í dag
OPIÐ Í DAG 12:00-18:00
Veiðimaðurinn
1940
KRÓKHÁLSI 4 • 110 REYKJAVÍK • S: 517 8050

# Skreytir himin á Austurvelli

**Á áramótum tilheyrir að skála fyrir nýju ári. Verðlaunabarþjónninn Jónas Heiðarr Guðnason kann á því lagið og gefur lesendum uppskriftir að ljúffengum áramótakokteilum.**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Ég verð að vinna á gamlárskvöld og þykir það afskaplega gaman. Þá eru allir í spariskapi og stemningin er einstök," segir Jónas sem er yfirbarþjónn á Apotekinu sem er lokað þegar klukkustund er eftir af árinu 2017 og ekki opnað aftur fyrr en á nýársdag. Í millitíðinni ætlar Jónas að fagna nýju ári.

„Þá förum við starfsfólkið saman út á Austurvöll, skálum í kampavíni og skreytum himininn með flugeldum. Á eftir fáum við okkur dýrindis áramótakrásir og skemmtum okkur saman fram á nótt."

Jónas er verðlaunabarþjónn. Hann sigraði í undankeppni World Class hér heima, en það er stærsta barþjónakeppni í heimi.

„Með sigrinum fékk ég keppnisréttindi í aðalkeppninni úti og tók þátt fyrir Íslands hönd í Mexíkóborg, sem var mikið ævintýri og lífsreynsla. Þar var ég yngsti keppandinn á meðal þrautreyndra barþjóna sem margir hafa hrist saman kokteila í áratugi og gekk mjög vel miðað við aldur og reynslu," segir Jónas sem er 22 ára.



Moscow Mule Twist.



Jónas Heiðarr Guðnason leggst í víking á nýárinu og flytur til Lundúna þar sem hann ætlar að læra meira. MYNDIR/ERNIR

## Skapar nýjar upplifanir

Jónas er sjálfmenntaður barþjónn sem komist hefur til mikilla metorða.

„Það var skrýtin tilviljun hvernig ég varð barþjónn. Ég var í leiðinlegri vinnu meðfram menntaskóla þegar ég datt inn á vídeó af gömlum kalli að dunda sér við að búa til kokteila og hugsaði með mér að þetta gæti ég nú líka. Ég dreif mig því til Lundúna á barþjónanámskeið, lærði grunntökin á þessu, pantaði mér græjur á netinu og fór að blanda og æfa mig heima, sótti síðan um vinnu og þetta hefur legið fyrir mér," segir Jónas sem verið hefur yfirbarþjónn á Apotekinu í tæp tvö ár og glatt margan manninn með unaðslegum kokteilum.

„Starf barþjónsins er krefjandi en skemmtilegt og ég hef ánægju af því að vera innan um fólk sem er kátt og að gera sér glaðan dag. Í starfinu þarf maður að vera hugmyndaríkur, hafa góða tilfinningu fyrir samsetningu bragðs og kunna að búa til eigið hráefni. Ég legg metnað í að skapa skemmtilega reynslu fyrir gesti mína og nýjar upplifanir með ferskri framsetningu," segir Jónas.

## Dreymir um eigin bar

Nýja árið leggst vel í Jónas sem ætlar að leggjast í víking næstu árin.

„Kærastan fékk inni í flottum leiklistarskóla í Essex, úthverfi London, og þangað ætlum við að flytja með vorinu. Þar ætla ég að komast inn á flotta bari, læra meira og sigra heiminn. Svo kem ég vonandi heim og opna nýjan bar eftir eigin höfði. Það er draumurinn."

Jónas gefur lesendum uppskriftir að áramótakokteilum sem auðvelt er að laga heima.

„Ég valdi heimilislega kokteila sem kosta ekki of mikið í hráefni né eru of flóknir að útbúa."

## Moscow Mule Twist

Drykkurinn í koparglasinu er tvist Jónasar á hinum klassíska Moscow Mule sem tröllríður íslenskri kokteilmenningu um þessar mundir og er í raun nýr Mojito.

**45 ml vodki**
**20 ml ferskur límónusafi**
**15 ml íslenskur krækiberjalíkjör frá Snorra hjá Reykjavík Distillery 64°**
**toppað með engiferbjór**

## Apotek French 75

Drykkurinn í kampavínsglasinu er algjör áramótabomba. Hann er útgáfa Jónasar á hinum klassíska French 75.

**30 ml London dry gin**
**30 ml ananas- og rósmarínsíróp***



Apotek French 75.



Ferskur og óáfengur mót nýju ári.

**20 ml fersk sítróna**
**Hristist saman**
**toppað með 30-45 ml af þurru kampavíni eða freyðivíni**

* Ananas- og rósmarín síróp: Hitið einn bolla sykurs í einum bolla af vatni á meðalhita til að leysa upp sykurinn. Hendið rósmaríni út í og síið frá þegar gott bragð er komið í sírópið. Setjið í blandara með ferskum ananas og síið í gegnum klút.

## Ferskur mót nýju ári

**20 ml ferskur greipaldinsafi**
**20 ml sykursíróp***
**15 ml fersk sítróna eða límóna**
**toppað með tóniki**

* Sykursíróp: Hitið einn bolla af vatni á móti einum bolla af sykri yfir meðalhita, þar til sykurinn leysist upp. Kælið sírópið fyrir notkun.



# Flugeldar

MIÐVIKUDAGUR 27. DESEMBER 2017



MYND/VILHELM

# Litadýrðin og hávaðinn heilla

**Íslendingar eru með eindæmum sprengjuglaðir á gamlárskvöld og þó áramótunum sé fagnað með flugeldabombum víða um heim skýtur landinn líklega upp óvenju miklu magni miðað við höfðatölu. Einn þeirra sprengjuglöðustu er Arnar Ísaksen. Hann segir terturnar skemmtilegastar.**

Ég ólst upp við miklar flugeldasprengingar og hef ótrúlega gaman af þessu. Það er ljósadýrðin, litirnir og hávaðinn sem fylgir þessu. Auðvitað er þetta hálf galið hobbí og sjálfsagt hægt að gera eitthvað gáfulegra við peningana sína,“ segir Arnar Ísaksen hress þegar hann er spurður út í sprengjuhegðun á áramótum. „Stóru terturnar eru skemmtilegastar,“ bætir hann við. Sprengingarnar laði að áhorfendur og nágrannarnir safnist gjarnan í kring þegar hann byrji. „Nú er ég reyndar fluttur, í Vatnsendahverfið í Kópavogi.“ Þaðan hlýtur að vera gott útsýni yfir sprengingarnar? „Ég er nú ekkert að horfa á aðra,“ segir hann sposkur. Hann sjái alfarið um að kveikja í herlegheitunum á sínu heimili. Krakkarnir séu ekki komnir með bakteríuna ennþá.

„Stelpurnar mínar vilja lítið vera með. Það var að fæðast hjá okkur strákur, spurning hvort hann kemur með mér út að skjóta þegar fram líða stundir. Ég sé bara einn um að kveikja í þessu. Ég byrja yfirleitt rétt eftir áramótaskaupið á litlu tertunum og sprengi svo þær stærstu um miðnættið. Ég er alltaf með einhverjar rakettur líka en ég hef mest gaman af tertunum.“

Skýturðu eitthvað upp á nýársdag? „Nei, ég er svo æstur í þessu að ég sprengi allt á gamlárskvöld,“ segir Arnar en þvertekur fyrir að um keppni sé að ræða.

„Nei, nei, engin keppni. Í gamla daga þegar ég var að sprengja með pabba bjó annar sprengjubrjálæðingur á móti. Við skiptumst á. Þegar ég var búinn fór ég yfir til hans og þá sprengdi hann og var yfirleitt ekki með minna.“



Íslendingar hafa yfirleitt verið skotglaðir í meira lagi um áramót.

> **Það er ljósadýrðin, litirnir og hávaðinn sem fylgir þessu. Auðvitað er þetta hálf galið hobbí og sjálfsagt hægt að gera eitthvað gáfulegra við peningana sína.**
>
> Arnar Ísaksen

Seturðu þér einhverjar reglur í kringum hasarinn? „Ég hef þá reglu að styrkja björgunarsveitirnar alltaf eitthvað. Svo á alltaf að nota hlífðargleraugu og fara varlega með flugeldana. Það er algjör regla, þetta getur auðvitað verið hættulegt,“ segir Arnar. Hann hefur þegar undirbúið komandi áramót í nokkurn tíma. „Ég er búinn að kaupa meirihlutann. Það fer eftir því hvernig árið hefur verið hjá manni hvað maður kaupir mikið. Það var gott í ár. Nú vona ég bara að það muni viðra vel til sprenginga.“




Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433 | Veffang: Visir.is



SÚPER FLUGELDAR
Á SÚPER VERÐI!
Krakkapakkinn
1,600 kr
Professional style 114 shots
19,900 kr
Sky fire rocket assortment
3,800 kr
Hurricane 25 shots
4,300 kr
Show box No.8
39,900 kr
Zorro
5,300 kr
Fireworks over Moskow
1,500 kr
Las Vegas
7,900 kr
Professional style 73 shots
8,400 kr
Súper Flugeldar
SÖLUSTAÐUR OKKAR ER NÚ AÐ NJARÐARBRAUT 1, REYKJANESBÆ.
SENDUM ÚT UM ALLT LAND! (NEMA VESTMANNAEYJAR)
PANTAÐU NÚNA Á WWW.SUPERFLUGELDAR.IS



# Hægt að fagna nýja árinu tvisvar í þetta sinn

Þeir sem elska gamlárskvölds-djammið geta nú notið þess tvisvar í röð. Fyrirtækið Privatefly ætlar að bjóða upp á flug frá Sydney í Ástralíu til Honolúlú á Hawaii-eyjum á gamlárskvöld, þannig að um leið og hátíðarhöld-unum lýkur í Sydney verður flogið til Honolúlú og nýja árinu fagnað aftur.

„Þetta er besta leiðin til að taka á móti 2018, á tveimur glæsilegustu stöðum heims. Flugtíminn frá Sydney til Honolúlú í Gulfstream G650ER (þotunni sem verður notuð) er 9 tímar og 40 mínútur, þannig að með 21 klukkustundar tímamismun nærðu að endurtaka yfir 11 klukkustundir af veislutíma, með því að fljúga í austur,“ segir markaðsstjóri fyrirtækisins, Carol Cork. „Þessi einstaka upplifun er bara möguleg með einkaþotu, því tímasetningarnar eru svo naumar og engin áætlun flugfélaga samræmist dagskránni.“

Miðinn kostar rúmlega 2,3 milljónir króna á mann. Í fluginu verður boðið upp á alls kyns afþreyingu, fínt vín og veisluþjónustu og ef fólk þarf að leggja sig verður svíta í boði.

Flogið verður af stað til Honolúlú klukkan tvö um nóttina, þegar búið er að fagna nýju ári einu sinni. Áætlað er að lenda svo í Honolúlú rétt fyrir fjögur á gamlársdag, þannig að það verður nægur tími til að fagna nýja árinu aftur.



Loks er komin lausn fyrir þá sem vilja fagna nýju ári oftar en einu sinni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Farið varlega

Aldrei verður of oft minnt á það að ávallt skalt gæta fyllsta öryggis í kringum flugelda. Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur gefið út gátlista fyrir öryggisfulltrúa heimilanna og því upplagt að einn taki það hlutverk að sér að yfirfara hann og merki við hvert atriði. Í fyrsta lagi eiga auðvitað allir að vera með flugeldagleraugu. Einhver fullorðinn í hópnum skal vera flugeldastjóri og hann á að sjálfsögðu að fara eftir leiðbeiningum sem fylgja með flugeldum. Áhorfendur eiga að standa í hæfilegri fjarlægð frá skotsvæðinu sem þarf að vera öruggt, t.d. mega engin tré vera fyrir. Enginn í hópnum á að fikta í þeim flugeldum sem eftir er að skjóta upp eða þeim sem búið er að skjóta upp og liggja á jörðinni. Að lokum er það góð regla, bæði fyrir flugeldastjórann og þá sem horfa á, að vera með hanska á höndum meðan skotsýningin stendur yfir. *Heimild: flugeldar.is.*



Góðar ídýfur eru nauðsynlegar á gamlárskvöld.

## Góðar ídýfur

Það er nauðsynlegt að hafa góða ídýfu með naslinu á gamlárskvöld. Hægt er að gera mjög góða ídýfu á 30 sekúndum. Það er aðeins tvennt sem þarf, mjúkur rjómaostur og góð salsa-sósa. Það þarf bara að velja styrkleika salsa-sósunnar eftir smekk. Setjið rjómaost og salsasósu í matvinnsluvél og hrærið snöggt saman. Setjið í skál og geymið í ísskáp þar til hún verður borin fram.

Heita ostaídýfu er einnig hægt að útbúa með því að setja rjómaost á botninn á eldfastri skál, því næst salsa-sósu, síðan svartar mexíkóskar baunir og loks rifinn ost. Hitið ofninn í 200°C og bakið í 20 mínútur. Það er hægt að sleppa baununum ef fólk vill hafa réttinn slíkan. Í staðinn fyrir venjulegan rifinn ost er hægt að nota sterkan Mexíkó-ost en sá fæst í Costco.




# Útsalan hefst í dag

## 30-70% afsláttur af öllum vörum



Jakki nú 6.990, skyrta nú 5.590,
buxur nú 6.990



Kósípeysa
verð nú 8.990 kr.



Pels
verð nú 11.890 kr.



Kjóll
verð nú 11.190 kr.



Kjóll
verð nú 11.190 kr.



Kjóll með jakka
verð nú 13.990 kr.



Toppar
verð nú 4.890 kr.

Fleiri myndir á Facebook

FLASH

**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**



Kjólar
verð nú 6.990 kr.

# Kvöldverður fyrir vandláta

**Það er engin ástæða til að örvænta með hátíðarmatinn. Ýmislegt góðgæti er hægt að útbúa með smá fyrirhöfn. Hér er tillaga að frábærum kvöldverði fyrir fjölskylduna eða þegar gestir koma.**

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



## Hreindýra-carpaccio

Hreindýra-carpaccio er sannkallaður veisluforréttur. Væri ekki upplagt að prófa hann yfir jól eða áramót. Það þarf að velja mjög góðan bita í carpaccio en kjötið er skorið mjög þunnt og borið fram hrátt með klettasalati, jómfrúarolíu og nýmöluðum pipar. Fyrir átta þarf um það bil 500 g af kjöti.

**500 g hreindýr**
**1 poki klettasalat**
**8 msk. jómfrúarolía**
**Nýmalaður pipar**

Hreinsið kjötið og vefjið því inn í plastfilmu. Rúllið því til og frá þannig að myndist góða rúlla. Setjið í frysti yfir nótt. Takið úr frysti og geymið í kæliskáp í 15 mínútur. Skerið kjötið örþunnt og leggið sneiðarnar á diska. Setjið klettasalat í miðjuna og dreifið olíu yfir. Piprið.
Á sama hátt er hægt að gera nauta-carpaccio og þá er gjarnan settur parmesanostur yfir í lokin.
Ef fólk vill frekar carpaccio með fiski er hægt að nota nýjan túnfisk eða lax. Fiskurinn er þá sneiddur niður á sama hátt og í olíuna er bætt límónusafa. Fiskurinn er bragðbættur með salti í lokin. Skreytið diskinn með límónubitum.



Rifjasteik er einstaklega jólalegur hátíðarmatur.



Carpaccio með laxi.



Carpaccio er í uppáhaldi hjá mörgum.



IÐA -bókakaffi Vesturgata 2a 101 Rvk.
Opið til 22 alla daga.

MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS
Þú getur einnig lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu.


FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

## Hin eina sanna jólarifjasteik

Purusteik er uppáhald margra og flestir vilja smakka á henni um jólin. Svínakjöt er á góðu verði og þess vegna upplagt að útbúa góða purusteik um hátíðina. Hér er uppskrift að hinni fullkomnu jólasteik með sérstöku jólakryddi.

**2 kg svínakjöt með puru**
**3 tsk. salt**
**½ tsk. pipar**
**2 msk. rifinn ferskur engifer**
**1 tsk. anisfræ**
**1 msk. negulnaglar**

Biðjið kjötiðnaðarmanninn að skera fyrir ykkur í puruna. Ef þetta er gert heima þarf beittan og oddhvassan hníf til að skera niður í puruna. Nuddið salti og pipar á puruna og kjötið. Setjið í álpappír og geymið í ísskáp í 2-3 daga.
Setjið rifinn engifer í mortél ásamt anísfræjum og maukið. Nuddið þessari blöndu á puru og kjöt. Stingið negulnöglum í raufarnar á purunni.
Leggið kjötið á rist á bökunarplötu með puruna upp. Setjið örlítið vatn í botninn. Breiðið álfilmu yfir. Hitið ofninn í 230°C. Setjið bökunarplötuna í miðjan ofn og eldið í um það bil 45 mínútur. Fjarlægið álpappírinn og lækkið því næst hitann í 200°C og eldið áfram í 1 ½ klst. Það er sama hversu þungt kjötið er, eldunartíminn er alltaf sá sami. Látið steikina hvíla í 20 mínútur áður en hún er skorin niður.
Ef puran er ekki stökk eftir þessa eldun þarf að hækka hitann upp í 250°C í lokin eða setja undir grill. Gætið að því að hún brenni ekki. Venjulega verður puran stökk án þess að hækka þurfi hitann en ofnar eru misjafnir.
Berið fram með heimagerðu rauðkáli, sykurbrúnuðum kartöflum, góðri rauðvínssósu og til dæmis steiktum eplum.



Lumumba-drykkur er frábær ef flensan bankar á dyrnar.

**Þessa dagana gerir fólk vel við sig í mat og drykk. Í janúar verður léttari matur.**

## Einföld sósa

Hér er einföld sósa með rauðvíni en því má sleppa ef fólk vill.

**2 msk. smjör**
**2 msk. hveiti**
**5 dl soð af steikinni eða tilbúið kjötsoð**
**Salt og pipar**
**Rauðvín, ef vill**

Bakið upp sósuna með smjöri, hveiti og soði. Bragðbætið með rauðvíni, salti og pipar. Látið sósuna malla í tíu mínútur. Það má alltaf betrumbæta sósur, til dæmis með smávegis gráðosti, rifsberjahlaupi og rjóma. Um að gera að smakka til og finna út sína eigin uppáhaldssósu.

## Lumumba

Það eru margir að kljást við vetrarpestir sem gera vart við sig á þessum árstíma. Það er hægt að hressa sig við með heitum Lumumba og smávegis rommi. Uppskriftin miðast við fjögur glös.

**1 lítri mjólk**
**5 msk. sykur**
**5 msk. kakó**
**1 ½ dl dökkt romm**
**1 dl rjómi**
**Kakó til að skreyta**

Setjið helminginn af mjólkinni í pott með kakói og sykri og hitið upp. Hrærið vel svo kakóduftið leysist upp í mjólkinni. Bætið restinni af mjólkinni saman við og hitið. Stífþeytið rjómann. Takið fram fjögur há glös og setjið romm í botninn, einfaldan eða tvöfaldan eftir smekk. Hellið volgu kakóinu út í rommið og setjið þeyttan rjóma ofan á. Skreytið með kakódufti eða rifnu súkkulaði.


Það borgar sig að taka einn hollustudag á milli hátíða.

## Frí frá salti og sykri eftir jól

Nú eru jólin afstaðin með hangikjöti, konfekti, smákökum, jólaöli, uppstúf og frómas og fram undan eru áramótin með paté, ostum, kampavíni, hamborgarhrygg og heimagerðum ís. Sumir borða reyndar ekki þetta heldur eitthvað allt annað en málið er að milli þessara tveggja hátíða er mikilvægt að gefa lifrinni, nýrunum, hjartanu og meltingunni smá frí til að jafna sig og safna orku fyrir næstu unaðslegu árás. Í dag og á morgun er því þjóðráð að setja hollustuna á oddinn, drekka vatn, borða kál og fara út í hressandi göngutúr. Einn hollustudagur þar sem frí er tekið frá salti, sykri og fitu er góður fyrir bæði sál og líkama. Að ógleymdri samviskunni.


Grænmeti er nauðsynlegt á diskinn vilji maður léttast.

## Einfaldur matur til að léttast

Hefur þú borðað yfir þig um jólin? Þá er ágætt að fækka kaloríunum á milli jóla og nýárs og borða mat sem maður verður saddur af án þess að sprengja sig með kaloríum. Kjúklingur er góður kostur. Kjúklingabringur og salat, hollur og léttur réttur.

Ávextir innihalda sykur en alls ekki jafnmikinn og margir halda. Hátt hlutfall vatns og vatnslosandi efna í ávöxtum er mjög gott fyrir þá sem vilja létta sig. Ávextir koma í veg fyrir hungur og fullnægja sykurþörfinni yfir daginn.

Egg eru prótín- og vítamínrík. Það er frábært að fá sér egg ef hungrið sverfur að. Fiskur er betri kostur en kjöt vilji maður létta sig. Auk þess er fiskur ríkur af ómegafitusýrum sem eru hollar fyrir líkamann.

Kartöflur er hægt að elda á margvíslegan hátt. Þær eru ríkar af næringarefnum og eru mettandi. Þá er rétt að minnast á lárperu en hún er einstaklega holl og vítamínrík. Setjið lárperu í salat eða þeyting. Baunir, hnetur, grænmeti og hafragrjón ættu að vera á borðum fyrir þá sem vilja léttast.

# Algengustu áramótaheitin

Uppgjör og nýtt upphaf er ofarlega í huga okkar um áramót. Við strengjum heit, lofum bót og betrun og svo leiðir tíminn í ljós hvernig gengur að efna gefin heit.

Algengustu áramótaheitin sem fólk strengir snúa að heilsunni, það vill lækka töluna á vigtinni, borða hollari mat, láta af hættulegum ósiðum eins og reykingum og áfengisneyslu, síma- og tölvuhangsi. Þá vilja margir koma skikki á fjármálin, borga upp skuldir og leggja fyrir í sjóð. Marga dreymir um nýtt upphaf, nýja vinnu, að flytja til nýs lands eða ferðast meira en á liðnu ári.

Þá ætla sér margir að ná fastari tökum á lífi sínu og fá betri yfirsýn með því að losa sig við óþarfa dót og föt og taka til í bílskúrnum, raða fjölskyldumyndunum í albúm og fleira.

Til þess að auka líkurnar á að áramótaheitið verði efnt má það ekki vera skyndiákvörðun, það verður að vera raunhæft og nákvæmt svo fylgjast megi með árangrinum. Einnig ætti að gera heitið opinbert til að fá aðhald.








Kanillinn gefur bragð af jólum.

## Jólaþeytingur á milli hátíða

Á milli hátíða er gott að borða léttari mat og tilvalið að byrja daginn á þessum jólalega þeytingi. Hann er stútfullur af vítamínum sem hafa góð áhrif á hár, húð og neglur um leið og hann gefur góða orku.

**⅛ bolli mjólk**
**½ bolli hrein jógúrt**
**1 banani**
**½ bolli jarðarber, fersk eða frosin**
**½ bolli bláber, frosin**
**kanill, ef stemning er fyrir jólalegu bragði.**

Setjið mjólk, jógúrt og banana í blandara og látið blandast vel saman. Setjið berin út í og einnig kanil og blandið saman. Berið fram.



## Lady Gaga í Las Vegas

Söngkonan Lady Gaga hefur gert tveggja ára samning um 74 tónleika í Las Vegas. Samningurinn mun gefa henni yfir átta milljarða í vasann. Poppstjarnan mun koma fram í MGM's Parks Theater í Las Vegas en hver konsert tekur um 5.200 gesti í sal. Fyrstu tónleikarnir verða í desember 2018. Þetta er með dýrari samningum sem gerðir hafa verið. „Mig hefur alltaf langað til að koma fram í Las Vegas og núna er því gamall draumur að rætast,“ segir söngkonan.

Vinsældir Lady Gaga hafa verið miklar undanfarin ár. Celine Dion var á sviðinu í Las Vegas frá árinu 2003-2007 og nú tekur Lady Gaga við. Á undanförnum árum hafa Elton John, Britney Spears, Jennifer Lopez, Backstreet Boys og Rod Stewart öll gert flotta samninga í heimsborginni. Lady Gaga hefur verið á tónleikaferð til að kynna plötu sína Joanne.

# Glæpamenn plataðir til að gefa sig fram

Lögreglan í South-Yorkshire fékk eftirlýsta glæpamenn til að gefa sig fram með því að þykjast ætla að gefa þeim gjafakörfu. Glæpamönnunum var tilkynnt að þeir ættu von á ókeypis gjafakörfu og voru beðnir um heimilisfang, en fengu svo heimsókn frá lögreglunni.

Aðgerðin, sem var kölluð „leyniaðgerðin Holly“, virkaði þannig að lögreglan sendi glæpamönnunum kort þar sem þeim var tilkynnt að þeir hefðu verið valdir til að fá gjafakörfu sem innihélt freyðivín, sælgæti og fleira góðgæti. Það eina sem þeir þurftu að gera var að segja hvert ætti að koma með körfuna til þeirra. Svo komu lögreglumenn í heimsókn, handtóku mennina og fóru með þá fyrir dómara.

Aðgerðin stóð yfir í tvo daga og leiddi til handtöku á 21 glæpamanni sem voru eftirlýstir fyrir ýmsa glæpi. Glæpamennirnir hlutu ýmiss konar refsingar og einn var hnepptur í gæsluvarðhald.

Lögreglumaðurinn Lee Barry, sem stjórnaði aðgerðinni, sagði: „Það er hvetjandi að nýstárleg nálgun lögreglunnar hafi borið árangur og lögreglan mun halda áfram að prófa nýjar leiðir til að klófesta eftirlýsta glæpamenn.“

Hann lofaði að þeir sem fremja glæpi í South-Yorkshire sleppi ekki frá lögregluyfirvöldum.



Hver vill ekki gjafakörfu fyrir jólin?
MYND/NORDICPHOTOS/GETTY




Jazz Contemporary Ballett

# Gleðilegt nýtt dansár!

Innritun fyrir vorönn stendur yfir á www.jsb.is

## Jazzballett

Skemmtilegt og fjölbreytt dansnám fyrir stelpur og stráka frá 6 ára aldri.
Í boði eru byrjenda- og framhaldshópar á aldrinum 6-7 ára, 8-9 ára, 10-12 ára, 13-15 ára og 16 ára og eldri.
Uppbyggileg dansþjálfun sem veitir nemendum útrás fyrir dans- og sköpunargleði. Unnið er með fjölbreytta tónlist í tímum. Frábært dansnám sem eflir og styrkir nemendur, bæði líkamlega og andlega.



## Forskóli fyrir 3-5 ára

Skemmtilegt og þroskandi dansnám fyrir börn á aldrinum 3-5 ára. Dansgleði og hreyfifærni nemenda virkjuð í gegnum dans og leiki.
Kennt er 1x í viku.

## Nám og kennsla

Danslistarskóli JSB er viðurkenndur af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem listdansskóli á grunn- og framhaldsskólastigi. Nánari upplýsingar um nám við skólann er að finna á www.jsb.is undir Danslistarskóli JSB.
**Kennslustaður:** Danslistarskóli JSB í Reykjavík, Lágmúla 9.

## Kennsla hefst mánudaginn 8. janúar

Rafræn skráning er á jsb.felog.is. Nánari upplýsingar í síma 581 3730

Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar

**Viltu gerast vinur JSB?**
Danslistarskóli JSB er á facebook

JSB DANSLISTARSKÓLI

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

EFLIR / HNOTSKÓGUR

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

Bílalíf




**EINN MEÐ ÖLLU.**
VOLVO V70 D4 SUMMUM. Árg.2015,ek.aðeins 46.þús km, dísel,sjálfskiptur.Verð 5.490.000. Rnr.247526,á staðnum. S. 562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

### Bílaþjónusta

Finndu okkur á Facebook
20 %
Höfðabón

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

### Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

### Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna . Er á facebook

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994




# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www. humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga




**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Heimilið

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com




GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


## Atvinna

Reykjavíkurborg

Frá áramótum vantar í okkar frábæra starfshóp í Ártúns-skóla umsjónarkennara á miðstigi.

Ártúnsskóli er samrekinn leiksóli, grunnskóli og frístunda-heimili þar sem áhersla er lögð á að allir fái að njóta sín í leik og starfi. Hlutverk Ártúnsskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska nemenda og leggja grunn að virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi.
Einkunnarorð skólans eru Árangur-Virðing-Vellíðan.
Stefnt er að framúrskarandi árangri, virðing borin fyrir fólki og umhverfi og fjölbreytileikanum fagnað. Skólinn leggur áherslu á heildstæða móðurmálskennslu, umhverfismennt og útikennslu, heilsueflingu, sköpun og lífsleikni.

**Upplýsingar veitir Rannveig Andrésdóttir skólastjóri (rannveig.andresdottir@rvkskolar.is), 411-7676.**

**Upplýsingar um skólann má finna á artunsskoli.is**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe SAFT

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU


## » Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

### » Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

- **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

- **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

- **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

- **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmanna-mála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

- **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is




HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



ABLAÐIÐ/STEFÁN

staði sjálfir og hafa tilkynnt um kaup á einum sérleyfisaðila í Bretlandi,“ segir Birgir og bætir við að markaðsverðmæti DPG sé jafnvirði um 200 milljarða króna.

„Svo er DPG að leita eftir því að fá félag eins og íslenska félagið sem hefur státað af því að vera með hæstu meðaltalssölu per búð í heimi og langhæstu meðalsölu per haus í heiminum. Það var þetta þrennt sem vakti áhuga þeirra á okkur en þrjár eða fjórar af okkar búðum hér á landi hafa verið í topp tíu til 15 af söluhæstu pitsustöðum Domino's en þeir eru um 12.000 talsins. Það má því segja að Ísland hafi verið skrautfjöður í hattinn hjá þeim.“

### Verður á hliðarlínunni

Birgir segir að eftir söluna á 49 prósenta hlut í Pizza Pizza um mitt síðasta ár hafi verið tekin ákvörðun um að selja mjög fljótlega eign félagsins í stöðunum í Skandinavíu.

„Ástæðan fyrir því var sú að það var ráðist í umfangsmikla yfirtöku í Skandinavíu og á einum stærsta keppinautnum í Noregi. Með henni fór Domino's í Noregi úr um tíu stöðum í tæplega 50 með áætlaða veltu upp á um sex milljarða eða álíka veltu og á Íslandi. Það var stór munnbiti og hluthafar tóku ákvörðun um að þeir vildu ekki vera með í þeirri fjárfestingu og taka áhættu á þeim kaupum og seldu sína eign. DPG keypti því skandinavíska hlutinn fyrr en áætlað var sem hrinti atburðarásinni allri af stað. Það sem gerist einnig í ár er að það er sett enn meiri áhersla á vöxt hjá breska félaginu,“ segir Birgir.

„Við erum gríðarlega ánægð með framgang mála á Íslandi en íslenska félagið er orðið skuldlaust og gengur mjög vel og hefur verið að greiða góðan arð í gegnum árin. Þeir geta fjármagnað rekstur eða framkvæmdir og aðra fjárfestingu á allt öðrum kjörum en við getum á Íslandi þrátt fyrir að við höfum fengið ágætis kjör. Þeir hyggja á frekari vöxt hér á landi og þar að auki er DPG farið að miðstýra í auknum mæli öllu sem þeir eru gera en breska félagið á einnig svissneska markaðinn og þriðjungshlut í þeim þýska. Svo eru þeir búnir að kaupa meirihluta í norska og sænska og eru í rauninni að reyna að stilla upp stjórnendastrúktúr þannig að þeir miðstýri öllum mörkuðum í auknum mæli. Það hentar þeim ekki vel til lengdar að vera með meðfjárfesta í minnihluta, sem þarf að bera ýmsar ákvarðanir undir, sem þeir ella gætu hrint í framkvæmd án nokkurs fyrirvara. Það hentar þeim í raun betur að hafa mig á hliðarlínunni frekar en í eldlínunni. Fyrirtækið hefur samið um aðgengi að mér næstu fimm árin og ég verð alltaf til taks þegar þeir þurfa á minni aðstoð að halda og svo tryggðu þeir sér stjórnendateymið á Íslandi. Ég held því að þetta sé mjög eðlileg þróun þó svo að hún hafi gerst fyrr en menn áætluðu en það er í takt við aðrar nýlegar ákvarðanir innan breska félagsins.“

Fjárfestingafélag Birgis, B2B, er áfram hluthafi í Noregi og Svíþjóð. Þar situr hann í stjórn og verður á ráðgjafalaunum bæði vegna rekstursins hér heima og í Skandinavíu.

„Það má aftur á móti segja að mínum kafla með Domino's Pizza á Íslandi sé lokið fyrir utan það sem viðkemur ráðgjafarstörfum. Við tekur að ég á mikilla hagsmuna að gæta í Noregi og Svíþjóð og ætla að sinna þeim sem stjórnarmaður og ráðgjafi. Þá er ég líka með samkomulag við DPG og Domino's í Bandaríkjunum um að setja upp staði í Finnlandi og Eystrasaltsríkjunum. Það eru markaðir sem margir hafa borið víurnar í en hefur ekki verið úthlutað enn þá. Við erum samt búnir að tryggja okkur tímabundin réttindi og erum þessa dagana að skoða möguleg yfirtöku í Lettlandi. Þessir markaðir hafa alltaf verið eyrnamerktir mér.“

### Stefnir að frekari útrás

Veitingageirinn og fasteignamarkaðurinn hafa verið tveir helstu áherslupunktarnir í fjárfestingum Birgis hér á landi síðustu ár. Hann er meðal annars hluthafi í bakaríum Brauð & Co og veitingahúsum Gló og upplýsir blaðamann að stefnan sé sett á að koma þeim fyrirtækjum inn á erlenda markaði.

„Ég tók þá ákvörðun fyrir nokkrum árum að reyna að ná einhvers konar jafnvægi í veitingageiranum þegar kemur að skyndibitafæði annars vegar og hollustufæði hins vegar. Ég fór inn í Gló og hef mikinn áhuga á því verkefni en hef ekki getað sinnt því sem skyldi. Nú gefst vonandi tími til þess en við erum nú með þrjár staðsetningar í Danmörku og erum að prófa okkur áfram með aðrar áherslur en þær sem menn kannski þekkja hér á Íslandi. Við munum svo fara í að aðlaga íslensku staðina að dönsku fyrirmyndinni og fólk má vænta þess að sjá töluverðar nýjungar. Meðal annars munum við setja stefnuna á að verða lífrænir og breyta um útlit, matseðil og annað. Við munum fara í miklar áherslubreytingar strax á næsta ári og ég mun fylgja nýjum breytingum eftir. Þegar við verðum komin með tökin á þessu verður stefnan sett á aðra markaði,“ segir Birgir.

„Við munum opna nýja Brauð & Co staði á næstu vikum og mánuðum og hugur fólks þar stefnir einnig út á við en við höfum fengið gríðarlega mikið af fyrirspurnum um að opna á erlendum mörkuðum. Þarna eru tvö íslensk verkefni sem hafa að mínu mati mikla möguleika og nú mun mér gefast meiri tími til að sinna þessu.

Svo er ég einnig hluthafi í þessum hefðbundnu veitingastöðum og er með Café París þar sem markmiðið var að opna stað þar sem maður gæti setið án þess að átta sig á hvort maður væri í Reykjavík, París eða London. Svo eru Joe and the Juice, Jómfrúin og Snaps veitingastaðir sem standa alltaf fyrir sínu. Þetta er því orðinn ansi stór pakki í veitingageiranum,“ segir Birgir en hann seldi sig fyrr á árinu út úr rekstri Hard Rock við Lækjargötu.

„Það var einfaldlega ekki tími hjá mér til að sinna verkefninu og svo er ég einnig meðfjárfestir í Jamie's Italian Iceland. Ef ég fjárfesti frekar í veitingageiranum heima þá verður það í gegnum innri vöxt núverandi verkefna. Því sé ég ekki fyrir mér að ég fjárfesti meira í nýjum veitingastöðum á Íslandi þó maður útiloki ekki neitt.“

**Það hentar þeim í raun betur að hafa mig á hliðarlínunni frekar en í eldlínunni. Fyrirtækið hefur samið um aðgengi að mér næstu fimm árin og ég verð alltaf til taks þegar þeir þurfa á minni aðstoð að halda.**

## Jón Sigurðsson og Gísli Hauksson í 2. og 3. sæti

Jón Sigurðsson, fjárfestir og framkvæmdastjóri Helgafells, hlaut næstflest atkvæði í vali dómnefndar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis á viðskiptamanni ársins. Jón, sem situr meðal annars í stjórn evrópska drykkjarframleiðandans Refresco Group og olíufélagsins N1, var lykilmaður í sölu Refresco Group til fjárfestingasjóðanna PAI Partners og British Columbia Investment Management fyrir jafnvirði um 200 milljarða króna sem og í yfirtöku N1 á Festi, næststærsta smásölufélagi landsins.

Einn dómnefndarmaður bendir á að salan á Refresco hafi skilað „ákaflega mikilli ávöxtun á skömmum tíma til hans og þeirra sem voru með honum í samstarfi um verkefnið, þar á meðal TM“.

Félög á vegum Jóns, TM, Einar Örn Ólafsson, fyrrverandi forstjóri Skeljungs, Örvar Kjærnested, fjárfestir og stjórnarmaður í TM, og Magnús Ármann, fjárfestir og fyrrverandi stjórnarmaður í FL Group, keyptu í aprílmánuði rúmlega helmingshlut í eignarhaldsfélaginu Stoðum, sem á 8,87 prósenta hlut í Refresco. Miðað við gengi bréfa drykkjarframleiðandans á hlutabréfamarkaðinum í Amsterdam á þeim tíma þegar kaupin gengu í gegn er líklegt kaupverð um sjö til átta milljarðar króna.

Hluturinn hækkaði umtalsvert í virði miðað við samþykkt yfirtökugengi Refresco í október og nemur gengishagnaðurinn tugum prósenta á aðeins fáeinum mánuðum. Jón hefur setið í stjórn Refresco frá árinu 2009 fyrir hönd íslenskra hluthafa.

Í þriðja sæti í vali á viðskiptamanni ársins varð Gísli Hauksson, stjórnarformaður GAMMA Capital Management, sem leitt hefur farsæla uppbygginu félagsins, bæði hér á landi og á erlendri grundu. „Tíu ára uppbygging er að skila frábærum árangri, bæði fyrir eigendur GAMMA og viðskiptavini,“ segir einn úr dómnefndinni.

„Eignir í stýringu vaxa stöðugt og samhliða hefur Gísli haft gleggri framtíðarsýn en margir aðrir,“ segir í rökstuðningi eins dómnefndarmanns. „Eftir að gjaldeyrishöft voru afnumin á árinu virðist GAMMA vera betur í stakk búið til að nýta þau tækifæri sem opnast,“ bætir sá sami við.

Í því sambandi vísa nokkrir álitsgjafar Markaðarins til þess að GAMMA hafi opnað skrifstofur í Bandaríkjunum og Sviss á árinu. Auk þess bendir einn á að Gísli hafi verið fyrstur til að sjá fyrir vöxtinn á íbúðamarkaði, en sjóðir í stýringu félagsins hafa látið til sín taka á þeim markaði undanfarin ár.

„Vöxturinn hefur verið með miklum ólíkindum og allt annar en sést hefur hjá öðrum íslenskum félögum í sjóðastýringu,“ segir einn dómnefndarmaður. **– kij**



**Gísli Hauksson, stjórnarformaður GAMMA Capital Management.**



**Jón Sigurðsson fjárfestir.**

## Aðrir sem voru nefndir



**Árni Oddur Þórðarson**
*forstjóri Marels*
„Virði félagsins hefur aukist um ríflega fjórðung á árinu, afkoman verið góð sem og framtíðarhorfur samhliða sterkri pantanabók.“



**Herdís Dröfn Fjeldsted**
*framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands*
„Framtakssjóðurinn hefur sýnt frábæra ávöxtun og vel tókst til með sölu eigna.“

**Skúli Mogensen**
*forstjóri WOW air*
„WOW air hefur vaxið miklu hraðar en nokkurn óraði fyrir og veðmál um fjölgun áfangastaða í Bandaríkjunum virðist hafa gengið upp.“

**Liv Bergþórsdóttir**
*forstjóri Nova*
„Liv heldur áfram að hrista upp í markaðinum, nú nýlega með því að fara í beina samkeppni við bankana á einstaklingsmarkaði. Hún lætur verða af því sem margir hugsa og er á undan.“

**Grímur Sæmundsen**
*aðaleigandi Bláa lónsins*
„Á árinu kom í ljós að stærsta og virtasta fjárfestingafélag í heimi, Blackstone, hefði áhuga á að fjárfesta í Bláa lóninu og mæti félagið á tæplega 40 milljarða króna.“

**Þorsteinn Már Baldvinsson**
*forstjóri Samherja*
„Þorsteinn Már hefur rekið yfirburðafyrirtæki í gegnum súrt og sætt og skilað miklu til samfélagsins á þeim stöðum þar sem félagið starfar.“

**Haraldur I. Þórðarson og Steingrímur Arnar Finnsson**
*hjá Fossum mörkuðum*
„Þeir hafa haft milligöngu um fjárfestingar alþjóðlegra hlutabréfasjóða í íslenskum félögum.“

**Ársæll Þór Bjarnason**
*eigandi heildverslunarinnar Core*
„Ef þú nærð að selja hálfri þjóðinni sænskan orkudrykk sem ekki nokkur maður hafði heyrt um áður, þá ertu alveg með þetta. Nocco vann árið og þar með Ársæll.“

**Í dómnefnd Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis:**

*Árni Maríasson, forstöðumaður markaðsviðskipta Landsbankans - Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Kviku - Benedikt Gíslason, stjórnarmaður í Kaupþingi - Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka - Bjarni Þórður Bjarnason, aðstoðarframkvæmdastjóri Arctica Finance - Björgvin Ingi Ólafsson, framkvæmdastjóri stefnumótunar og markaðsmála hjá Íslandsbanka - Björgvin Guðmundsson, meðeigandi KOM - Brynja Baldursdóttir, forstjóri Creditinfo - Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, fjármálastjóri Advania - Freyr Þórðarson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Arion banka - Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins - Hannes Frímann Hrólfsson, framkvæmdastjóri eignastýringar Kviku - Haraldur Guðmundsson, viðskiptablaðamaður á Fréttablaðinu - Haraldur I. Þórðarson, forstjóri Fossa - Heiðar Guðjónsson, fjárfestir og stjórnarformaður Vodafone - Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar - Helga Hlín Hákonardóttir, meðeigandi Strategíu - Helga Valfells, framkvæmdastjóri Crowberry Capital - Helgi Magnússon, fjárfestir - Herdís Fjeldsted, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands - Hermann Már Þórisson, forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá Landsbréfum - Hrund Rudolfsdóttir, forstjóri Veritas - Hörður Ægisson, viðskiptaritstjóri Fréttablaðsins - Jakob Ásmundsson, stjórnarmaður í Arion banka - Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslu ríkisins - Jón Sigurðsson, fjárfestir og stjórnarmaður í N1 - Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans - Liv Bergþórsdóttir, forstjóri Nova - Kristinn Ingi Jónsson, viðskiptablaðamaður á Fréttablaðinu - Margrét Sanders, formaður Samtaka verslunar og þjónustu - Orri Hauksson, forstjóri Símans - Ólöf Skaftadóttir, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins - Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar - Rakel Sveinsdóttir, formaður FKA - Sigrún Ragna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Mannvits - Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins - Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, fjárfestir og stjórnarformaður VÍS - Þorbjörn Atli Sveinsson, í teymi Markaða hjá Fossum - Þorbjörn Þórðarson, fréttamaður á Stöð 2 - Ægir Már Þórisson, forstjóri Advania - Örn Arnarson, sérfræðingur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja*

# Fjárfestar búa sig undir vaxtahækkanir

**Flestir seðlabankar heimsins hafa í hyggju af vinda ofan af þeim fordæmalausu aðgerðum sem þeir gripu til í kjölfar fjármálakrísunnar fyrir tíu árum. Vaxtahækkanir eru yfirvofandi á næstu árum. Deilt er um hversu hratt seðlabankar eigi að hækka stýrivexti sína.**



Miðlarar í kauphöllinni í New York hafa haft fyllstu ástæðu til að kætast enda eru hlutabréfavísitölur í sínum hæstu gildum. Spurningin er aðeins hvenær þær taka að lækka flugið. NORDICPHOTOS/GETTY

Útlit er fyrir að tímabil ódýrs lánsfjár og methækkana á verðbréfamörkuðum heimsins sé að renna sitt skeið á enda. Seðlabankar víða um heim munu á næsta ári stíga lítil en þó veigamikil skref til þess að hækka stýrivexti, draga úr skuldabréfakaupum og vinda þannig ofan af þeim fordæmalausu aðgerðum sem þeir gripu til í kjölfar fjármálakrísunnar árin 2007 og 2008. Flestir munu þó fara sér hægt enda hefur verðbólga víðast hvar enn ekki látið á sér kræla.

Helsta áskorunin sem blasir við seðlabankastjórum á næsta ári verður að draga úr stuðningi sínum við fjármálamarkaði án þess þó að skapa þar glundroða. „Þeir vilja síst af öllu koma fjárfestum í uppnám,“ segir Paul Mortimer-Lee, aðalhagfræðingur bankans BNP Paribas, í samtali við Bloomberg. „Þeir munu því fara sér rólega.“

Seðlabanki Bandaríkjanna hækkaði fyrr í mánuðinum stýrivexti sína í þriðja sinn á árinu. Er búist við þremur vaxtahækkunum til viðbótar á næsta ári, en það fer þó eftir því hvort Jay Powell, sem mun á árinu taka við embætti seðlabankastjóra af Janet Yellen, muni fylgja stefnu forvera síns. Fátt bendir til annars að mati greinenda.

Bankinn hefur þegar dregið úr beinum skuldabréfakaupum sínum á markaði – þó aðeins í hægum skrefum – án merkjanlegra neikvæðra viðbragða af hálfu fjárfesta. Hlutabréfavísitölur vestanhafs eru í sínum hæstu gildum og ávöxtunarkrafa tíu ára bandarískra ríkisskuldabréfa hefur haldist nokkuð stöðug, ólíkt því sem flestir sérfræðingar höfðu spáð.

**Engar hækkanir í bráð**

Evrópski seðlabankinn er styttra á veg kominn. Bankinn hélt stýrivöxtum sínum óbreyttum fyrr í mánuðinum, en ítrekaði þó um leið að hann hygðist draga úr skuldabréfakaupum sínum um helming – úr 60 í 30 milljarða evra á mánuði – frá og með næsta mánuði. Ekki er gert ráð fyrir að vextir verði hækkaðir í fyrirsjáanlegri framtíð, í það minnsta ekki á meðan verðbólga á evrusvæðinu helst áfram óvenjulág og undir tveggja prósenta markmiði bankans. Það verður því væntanlega með fyrstu verkum nýs seðlabankastjóra, en skipunartími Marios Draghi rennur út árið 2019, að hækka stýrivexti bankans.

Draghi sagðist fyrr í mánuðinum vera „fullviss“ um að verðbólgan léti sjá sig áður en langt um líður. Ekki eru undirmenn hans í Evrópska seðlabankanum eins sannfærðir, en hagfræðingar bankans gera ráð fyrir að verðbólga verði enn undir markmiði árið 2020. Viðvarandi lág verðbólga mun ekki aðeins gera það að verkum að vextir verði áfram sögulega lágir, heldur að bankinn haldi áfram umfangsmiklum skuldabréfakaupum sínum.

„Við munum ekki hætta kaupunum allt í einu,“ sagði Draghi. Nokkrir stjórnarmenn bankans, þar á meðal Jens Weidmann og Benoît Cœuré, eru annarrar skoðunar og telja efnahag evrusvæðisins standa það styrkum fótum að bankanum sé óhætt að hætta kaupum sínum alfarið á næsta ári. Það sjónarmið á hins vegar ekki miklu fylgi að fagna.

„Jafnvel þótt verðbólga aukist óvænt, þá erum við ekki sannfærð um að Evrópski seðlabankinn verði í stakk búinn til þess að hætta alfarið skuldabréfakaupum sínum án þess að eigu á hættu að valda ástæðulausum óróleika á mörkuðum,“ segir Frederik Ducrozet, hagfræðingur hjá Pictet Wealth Management.

Þó svo að sögulega lágir vextir og gríðarleg uppkaup seðlabanka á skuldabréfum hafi ekki stuðlað að hærri verðbólgu, líkt og vonir stóðu til, þá hafa aðgerðir bankanna kynt verulega undir eignaverði á mörkuðum. Sem dæmi hefur Dow Jones-hlutabréfavísitalan hækkað um 5.000 stig á einu ári í fyrsta sinn í 121 árs sögu vísitölunnar.

> **Þrátt fyrir að lágir stýrivextir yfir langan tíma geti myndað frjóan jarðveg fyrir fjármálaóstöðugleika, þá höfum við ekki séð mikla aukningu í skuldsetningu.**
>
> Mario Draghi, bankastjóri Evrópska seðlabankans



**Blásið í bólu?**

Skiptar skoðanir eru um hversu sjálfbærar umræddar verðhækkanir á mörkuðum, sér í lagi hlutabréfamörkuðum, eru. Sumir óttast að örvunaraðgerðir seðlabanka undanfarin ár hafi blásið lofti í bólu sem muni að endingu springa. Ekki sé eðlilegt að hlutabréfavísitölur hækki um tugi prósenta á nokkrum mánuðum, jafnvel þótt góður gangur sé í heimshagkerfinu.

Seðlabankastjórar hafa þó gert lítið úr slíku tali. „Það eru engin rauð, eða jafnvel appelsínugul, viðvörunarflögg uppi,“ hefur Yellen sagt.

> **Á hverju ári hefur verðbólgan verið lægri en við vildum en það kom þó aldrei á óvart. Í ár kom það hins vegar á óvart.**
>
> Janet Yellen, seðlabankastjóri Bandaríkjanna



Í grunninn má segja að greinendur skiptist í tvo hópa í afstöðu sinni til örvunaraðgerða seðlabanka. Annars vegar óttast margir að ótímabærar vaxtahækkanir og minni stuðningur af hálfu bankanna muni hægja á hagvexti og jafnvel leiða til verðfalls á eignamörkuðum. Hins vegar hafa ýmsir áhyggjur af því að áframhaldandi stuðningur seðlabanka við fjármálamarkaði muni verða til þess að áhætta byggist upp í fjármálakerfum heimsins sem muni að endingu leiða til næsta efnahagshruns.

**Flýti sér ekki um of**

Leiðarahöfundur Financial Times brá nýverið ljósi á þessi ólíku sjónarmið og komst að þeirri niðurstöðu að seðlabankastjórar ættu fremur að varast það að draga of fljótt úr stuðningi sínum. Verðbólga væri jú enn í sögulegri lægð. Aðrar leiðir en vaxtahækkanir, eins og beiting sérstakra þjóðhagsvarúðartækja, væru betur til þess fallnar að halda kerfisáhættu í skefjum. Undir það tók Draghi sjálfur í samtali við fréttamenn eftir vaxtaákvörðunarfund Evrópska seðlabankans fyrr í mánuðinum:

„Þrátt fyrir að lágir stýrivextir yfir langan tíma geti myndað frjóan jarðveg fyrir fjármálaóstöðugleika, þá höfum við ekki séð mikla aukningu í skuldsetningu,“ sagði hann og bætti við að að besta leiðin til þess að takast á við slíka hættu væri að beita þjóðhagsvarúðartækjum, til dæmis með því að herða lánaskilyrði, í stað þess að hækka vexti.

Þrátt fyrir að seðlabankar muni fara sér hægt á næstu árum er engum vafa undirorpið að tími ódýrs lánsfjár er brátt á enda. „Seðlabankar sem hafa dælt peningum í fjármálakerfið síðasta áratuginn eru að fara að hætta því,“ segir Iain Steealey, sjóðsstjóri hjá JPMorgan. „Þeir munu fara sér hægt til að byrja með en raunverulegar breytingar eru þó að fara að eiga sér stað.“ **kristinningi@frettabladid.is**

FRAMTÍÐARLAUSN
Í BÓKHALDINU
FJÁRHAGUR
BIRGÐIR
LAUNABÓKHALD
VERKBÓKHALD
VIÐSKIPTAVINIR
LÁNADROTTNAR
UNICONTA
SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS
svar.)
ÞÍN STAFRÆNA FRAMTÍÐ

# Bitcoin æsingur



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Rafmyntir eru gífurlega spennandi. Þekktust þeirra er Bitcoin og það má vel vera að í framtíðinni verði hún valkostur fyrir þá sem vilja nýta hana til daglegra viðskipta en í dag er hið mikla verðmæti hennar nær eingöngu falið í voninni um notagildi í framtíðinni.

Bitcoin var áberandi í fjölmiðlum síðari hluta ársins sem nú er að líða, enda hefur verðið fimmtánfaldast það sem af er ári. Fréttir af miklum hækkunum eru vinsælar og verða oft kveikjan að frekari kaupum þar sem fátt hefur meiri áhrif á tilfinningar fjárfesta en áhyggjur af því að vera að missa af hækkunum.

„Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð,“ má finna í fyrirvörum við auglýsingar fjármálafyrirtækja. Þetta ætti að segja sig sjálft en því miður hefur ávöxtun síðustu mánaða oft meiri áhrif á fjárfestinga- og sparnaðarákvarðanir en faglegt mat á framtíðarhorfum. Lítil verðbólga síðustu 12 mánuði segir ekkert til um hvernig verðtryggður sparnaður muni ávaxtast rétt eins og að hrunið 2008 var ekki ástæða til að forðast hlutabréf.

Hækkanir rafmynta byggjast að miklu leyti á spákaupmennsku, æsingi og óskhyggju. Fjárfesting getur hugsanlega veitt skjótfenginn gróða en líka lækkað um þriðjung eins og þeir sem stukku seint á Bitcoin vagninn fengu í jólagjöf.

> **Óskhyggja er afar slæmur rökstuðningur fyrir fjárfestingu og ef hún reynist vel er það heppni, ekki færni.**

Rétt eins og ef fjárfest væri í hlutabréfi nýsköpunarfyrirtækis er mikilvægt að fjárfestar kynni sér málin afar vel og taki ákvörðun um hvort kaupa skuli eða ekki byggða á faglegu mati. Óskhyggja er afar slæmur rökstuðningur fyrir fjárfestingu og ef hún reynist vel er það heppni, ekki færni.

Eftir hækkanir ársins er Bitcoin nú á allra vörum og verður það væntanlega árið 2018. Það verður spennandi að sjá hvort sveiflur minnki, notkun í viðskiptum aukist (án gríðarlegs álags) og aðrar rafmyntir veki álíka athygli.

# KÆRU LANDSMENN

Við óskum ykkur gleðilegs árs og þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða



ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhraun 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

## Skotsilfur

### Fleiri bankastjórar



Þess er vænst að verkefnastjórn um endurskoðun peningastefnunnar, sem **Ásgeir Jónsson** hagfræðingur stýrir, skili niðurstöðum sínum í maí á næsta ári, að því er fram kom í frétt RÚV í síðustu viku. Margir búast við því að í kjölfarið vilji stjórnvöld gera breytingar á skipulagi Seðlabanka Íslands og fjölga bankastjórum úr einum í þrjá í líkingu við þær tillögur sem nefnd um heildarendurskoðun laga um bankann lagði til árið 2015. Það myndi þýða að starf seðlabankastjóra yrði auglýst á næsta ári, þ.e. ári áður en skipunartími Más Guðmundssonar rennur út.

### Eignast bréf



Nýir eigendur Domino's á Íslandi, breska félagið Domino's Pizza Group, hyggjast koma á fót hvatakerfi sem mun gera lykilstjórnendum Domino's hér á landi, en **Birgir Örn Birgisson** er forstjóri félagsins, kleift að eignast hluti í félaginu sem jafngildir allt að fimm prósentum af núverandi hlutafé. Samið var um þetta samhliða kaupum Bretanna á 44,3 prósenta hlut í Domino's á Íslandi fyrr í mánuðinum. Hefur stjórn Domino's á Íslandi það í hendi sér að ákveða hve margir hlutir verða gefnir út til stjórnendanna og eins undir hvaða skilyrðum það verði gert.

### Eykst innflæðið?



Það er kunnara en frá þurfi að segja að erlendir sjóðir hafa sett mark sitt á innlendan hlutabréfamarkað undanfarna mánuði. Þeir hafa komið með um 50 milljarða króna inn á markaðinn í ár – 30 milljarða í nettó – og verður forvitnilegt að sjá hvort innflæðið haldi áfram að stóraukast á næsta ári. Þrátt fyrir meiri umsvif eru erlendir fjárfestar þó einungis um 10 prósent af markaðinum. **Páll Harðarson**, forstjóri Kauphallarinnar, hefur sagst vilja hafa hlutfallið um 50 prósent í fyllingu tímans. Ljóst er að fyrirhuguð skráning Arion banka gæti ráðið miklu um þróunina.

## Markaðsvirðið nálgast 1.000 milljarða dala



**Árið í ár var tæknirisanum Apple gjöfult. Hlutabréf í félaginu, sem er það verðmætasta í heimi, hækkuðu um meira en fimmtíu prósent í verði og er það metið á rúmlega 900 milljarða dala. Engu að síður telja margir greinendur félagið undirverðlagt og spá því að markaðsvirði Apple geti farið yfir 1.000 milljarða dala í janúar. Hlutabréfin hafa hækkað um 43.600 prósent í verði eftir að félagið var skráð á markað 12. desember 1980.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Ár hinna óvæntu atburða



**Agnar Tómas Möller**
framkvæmdastjóri Sjóða hjá GAMMA

Óhætt er að segja að árið sem senn er á enda sé ár óvæntra atburða á fjármálamörkuðum. Sé horft til erlendra markaða héldu margir í upphafi árs að hið svokallaða „Trumpflation“ (þ.e. hratt vaxandi ríkisútgjöld og fjárlagahalli, samhliða miklum skattalækkunum) myndi setja verðbólgu af stað. Einnig var búist við því að árið 2017 yrði ár umróts og mikilla sveiflna (flökts) á fjármálamörkuðum, ekki síst fyrir tilstilli þess sem búist var við af hinum nýkjörna forseta. Annað hefur komið á daginn og hefur mikil hækkun bandarískra hlutabréfa á árinu (um 20-25% mælt í Bandaríkjadal) verið svo jöfn og stöðug að elstu menn muna vart annað eins. Þrátt fyrir að nú síðla árs 2017 stefni í efndir í skattamálum af hálfu Bandaríkjaforseta, hafa langtímavextir og verðbólguvæntingar í Bandaríkjunum haldist óbreyttar á árinu á sama tíma og evran hefur styrkst verulega á móti dollar, einkum vegna óvænts þróttar á hinu evrópska efnahagssvæði. Meira að segja japanska hagkerfið virðist vera að vakna úr áratuga dauðadái og mælist þar nú jákvæður hagvöxtur sjöunda ársfjórðunginn í röð samhliða því að atvinnuleysi hefur fallið í 24 ára lágmark.

Ólíkt hinum erlendu mörkuðum, voru væntingar til hins innlenda markaðar nokkuð á bjartsýnum nótum í upphafi árs. Íslenska hagkerfið var á blússandi siglingu samhliða því sem nær öll ljós í mælaborðinu voru á skærgrænu; góður gangur í okkar helstu útflutningsgreinum hefur skilað hagvexti sem svipar til nýmarkaðsríkja, þjóðhagslegur sparnaður sjaldan verið meiri og kaupmáttur íslenskra heimila vaxið hraðar en nokkrum sinnum fyrr. Hefði það í ofanálag verið vitað að erlendir fjárfestar myndu hér fjárfesta í innlendum hlutabréfum fyrir um 40 milljarða króna og að ríkistryggðir langtíma raunvextir myndu lækka um 0,7%-1,0,%, hefði fáum dottið í hug annað en að ávöxtun hlutabréfa hefði hlaupið á tugum prósenta á árinu sem er að líða.

Annað hefur komið á daginn, hækkun hlutabréfa á árinu mælt með hlutabréfavísitölu GAMMA hefur einungis verið 3% (þar af 2% seinasta viðskiptadag fyrir jól) og mælt með hlutabréfavísitölu Kauphallarinnar hefur lækkunin verið 5%. Þau félög sem ættu að vera beintengdust við lækkun lengri tíma raunvaxta og hækkun kaupmáttar heimila, íslensku fasteignafélögin, hafa lækkað á bilinu 2-7%.

En hvað veldur þessari óvæntu þróun á innlendum hlutabréfamarkaði? Í fyrsta lagi þá voru útflæðishöftin afnumin á árinu en eftir standa innflæðishöftin sem miðað við nýleg ummæli Seðlabankastjóra munu verða hér við lýði næstu árin. Í öðru lagi þá tók lífeyriskerfið við af bankakerfinu sem langstærsti lánveitandi húsnæðislána og hefur samhliða verið nettó seljandi innlendra skuldabréfa. Um er að ræða flókið samspil ýmissa krafta en birtingarmyndin kemur meðal annars fram í áframhaldandi háum raunvöxtum til íslenskra heimila og fyrirtækja sem á endanum hefur skilað sér í lakari ávöxtun á hlutabréfamarkaði. Á sama tíma og stýrivextir Seðlabankans hafa lækkað um 1,5% á einu og hálfu ári, samhliða um 1% lækkun lengri tíma raunvaxta, hafa fastir vextir til fyrirtækja og íbúðalána í bankakerfinu staðið í stað á sama tíma. Einnig virðist sem innlendir fjárfestar hafi í auknum mæli leitað út af skráða hlutabréfamarkaðnum í ýmsar óskráðar fjárfestingar, s.s. í fasteignir og annan fyrirtækjarekstur, á sama tíma og lífeyrissjóðir hafa dregið verulega úr fjárfestingum sínum í innlendum hlutabréfum.

En íslenskir sparifjáreigendur þurfa þó ekki endilega að örvænta á nýju ári þrátt fyrir lækkandi raunvexti og vankaðan innlendan hlutabréfamarkað. Ekki aðeins eru um 2% raunvextir áfram mjög háir í alþjóðlegum samanburði (meðaltal langtímaraunvaxta 15 stærstu OECD ríkja er í dag um -0,4%), heldur valda stífar eiginfjárkröfur til innlendra lánastofnana því að sífellt erfiðara verður fyrir innlend fyrirtæki að sækja þangað fjármagn. Samhliða hafa því ný fyrirtæki og sjóðir haslað sér völl í beinum lánveitingum og á komandi ári munu því innlend fyrirtæki í auknum mæli leita sér að fjármagni hjá slíkum aðilum sem og beint gegnum skuldabréfamarkaðinn. Þótt fjárfestar muni ekki sem áður geta sótt sér himinháa raunvexti í innlánum og peningamarkaðsjóðum, munu þeir finna þá í auknum mæli í gegnum fjármögnun íslenska raunhagkerfisins.

# #metoo: Þöggun vinnuveitenda



**Rakel Sveinsdóttir**
Formaður félags kvenna í atvinnulífinu

Ég veit um mann sem hefur áreitt samstarfskonur sínar kynferðislega í mörg ár. Reyndar í svo mörg ár að ef mér reiknast rétt til, þá er hann núna að áreita fjórðu kynslóð kvenna. Hans „markhópur“ eru ungar og fallegar konur. Og þegar að ég segi „markhópur“ er ég ekki að tala um viðskiptavini fyrirtækisins. Það erfiða við þetta tilfelli er að viðkomandi er vinnuveitandi. Atvinnurekandi til fjölda ára, sem gerir hans fámenna starfshópi erfitt um vik að segja frá eða ráðast í „aðgerðir“. Skiptir þá engu þótt karlkynsstarfsmenn fyrirtækisins styðji #metoo heilshugar. Þeir, rétt eins og kvenstarfsmennirnir, vilja nefnilega ekki missa vinnuna sína.

En sitthvað getum við þó gert, til að rjúfa þá þöggun vinnuveitenda og atvinnulífs, sem er til staðar og hefur því miður verið lengi. Ég nefni dæmi: Lykilstjórnanda er sagt upp, með „samkomulagi“. Samkomulagið felur í sér að viðkomandi segir í rauninni upp sjálfur og getur þar með betur haldið sinni reisn. Fyrirtækið lítur ágætlega út gagnvart viðskiptavinum sínum og samfélaginu, því í raun vita flestir ekkert og mjög fáir sitthvað.

Samkomulag sem þetta er löngum þekkt, sérstaklega þegar í hlut eiga uppsagnir lykilstarfsmanna. Oftar en ekki er þá samhliða umsamið að viðkomandi starfsmaður fái góð meðmæli. Það næsta sem gerist er að við lesum frétt þar sem fram kemur að fyrirtæki X hafi ráðið þennan sama mann í lykilstöðu. Sem auðvitað þýðir að viðkomandi fer að starfa með nýjum samstarfskonum. Eða á ég að tala um að vinna með nýrri „bráð“? Við getum nefnilega ekki verið viss um að uppsögn og samkomulag um starfslok á einum stað tryggi að viðkomandi láti af fyrri hegðun og nánast breyti um karakter á næsta vinnustað. Þess vegna tel ég mikilvægt að vinnuveitendur segi satt og rétt frá í meðmælum og umsögnum, ef upp hafa komið starfslok vegna kynferðislegrar áreitni. Annað er ekki heiðarlegt. Annað er áframhaldandi þöggun.

Á árinu 2018 mun FKA fylgja eftir #metoo byltingunni. Það verður ekki aðeins í þágu okkar 1.100 kvenna í félaginu heldur fyrir konur og karla í viðskiptalífinu almennt. Enginn afsláttur gefinn.

# MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS




## Vilt þú að auglýsingar þínar skili árangri?

Stærstu og mikilvægustu mánuðir ársins í auglýsingum eru framundan og því skiptir máli að ná til sem flestra og ná hámarks árangri.

Hafðu samband í síma **512 5401** eða sendu tölvupóst á **auglysingar@frettabladid.is** og við aðstoðum þig við að finna lausn sem hentar þínum þörfum.




FRÉTTABLAÐIÐ

... allt sem þú þarft

Heimild: Blaðakönnun Gallup, júl-sep. 2017. Meðallestur á tölublað, 35-65 ára hbsv.

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 27. desember 2017

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


## OZ tapaði 179 milljónum í fyrra

Tæknifyrirtækið OZ tapaði 179 milljónum króna á síðasta ári, eftir því sem fram kemur í nýbirtum ársreikningi félagsins. Minnkaði tapið nokkuð á milli ára, en í fyrra nam það 524 milljónum króna. Samfellt tap hefur verið á rekstri fyrirtækisins, sem Guðjón Már Guðjónsson stýrir, undanfarin ár og nemur það samanlagt ríflega 1,1 milljarði króna síðustu fjögur ár.

Tekjur OZ voru 95,6 milljónir króna í fyrra og jukust um 20 milljónir á milli ára, að því er fram kemur í ársreikningnum. Eignir félagsins voru 213,8 milljónir í lok síðasta árs. Á meðal hluthafa OZ eru félög sem tengjast Guðjóni Má, Dvorzak Ísland í eigu Jóns Stephensonar von Tetzchner, erlend fjárfestingafélög, fjárfestingafélagið Investa og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. – kij



**Guðjón Már Guðjónsson, framkvæmdastjóri OZ.**

23.12.2017

**Netflix er þegar byrjað að hringja í okkur og spyrja hvenær stúdíóið sé laust.**

Baltasar Kormákur leikstjóri



## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Gjöreyðingarvopn

**Bók** Björns Jóns Bragasonar, „Í liði forsætisráðherra eða ekki?“ er merkileg lesning. Kannski er þar komin ítarlegasta skoðun á tímabilinu frá einkavæðingu og til eftirhrunsáranna til þessa. Höfundur var ekki innanbúðarmaður í neinu liði á þessum árum, heldur horfir utan frá og inn. Eins og sennilega er óhjákvæmilegt eru orð og gjörðir Davíðs Oddssonar rauður þráður gegnum bókina. Björn Jón lokar ekki augunum fyrir mannkostum Davíðs, sem kannski að einhverju leyti galt fyrir það að vera yfirburðamaður í eigin flokki og öðrum lengst af. Slíkt er engum hollt til lengdar.

**Hins vegar** verður varla komist að annarri niðurstöðu við lesturinn en að Davíð hafi verið mikill skaðvaldur í samfélaginu á árunum frá aldamótum. Davíð virðist hafa verið knúinn áfram öðru fremur af óbeit á einstökum persónum og leikendum fremur en virðingu fyrir almennum leikreglum eins og heillavænlegast er jafnan fyrir stjórnmálamenn. Við kaup Orca-hópsins á FBA banka, sem síðar rann inn í Íslandsbanka, var það einkum þátttaka Jóns Ólafssonar sem fór fyrir brjóstið á forsætisráðherranum Davíð.

